

**Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1005/2008 frá 29. september 2008 um stofnun kerfis innan bandalagsins til þess að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, óskráðar og eftirlitslausar veiðar, um breytingu á reglugerðum (EBE) nr. 2847/93, (EB) nr. 1936/2001 og (EB) nr. 601/2004 og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1093/94 og (EB) nr. 1447/1999.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr. hans,  
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,  
með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins [1],  
með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar [2],  
að höfðu samráði við svæðanefnd,

Með því að:

(1) Bandalagið er aðili að hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 (Unclos), hefur fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um framkvæmd ákvæða hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim frá 4. ágúst 1995 (samningur Sp. um fiskstofna) og hefur staðfest samning Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) frá 24. nóvember 1993 um að stuðla að fylgni fiskiskipa á úthafinu við alþjóðlegar verndunar- og stjórnunarráðstafanir (fylgnisamningurinn). Í ákvæðum þeirra er aðallega sett fram sú meginregla að öllum ríkjum beri skylda til þess að gera viðeigandir ráðstafanir til þess að tryggja sjálfbæra stjórnun auðlinda hafsins og eiga með sér samstarf í því skyni.

(2) Markmið sameiginlegu fiskveiðistefnunnar, eins og hún er sett fram í reglugerð ráðsins (EB) 2371/2002 frá 20. desember 2002 um verndun og sjálfbæra nýtingu fiskveiðiauðlinda samkvæmt sameiginlegu fiskveiðistefnunni [3], er að tryggja nýtingu á lifandi auðlindum hafsins með þeim hætti að hún leiði af sér sjálfbærar efnahags-, umhverfis- og félagsaðstæður.

(3) Ólöglegar, óskráðar og eftirlitslausar veiðar (e. illegal, unreported and unregulated (IUU) fishing, hérefir nefnt einu nafni "IUU-veiðar) eru ein helsta ógnunin við sjálfbæra nýtingu á lífríki hafsins og grafa undan sjálfum grunninum undir sameiginlegu fiskveiðistefnunni og alþjóðlegri viðleitni til þess að stuðla að bættum stjórnunaráttum í málefnum hafsins. IUU-veiðar eru einnig mikilvæg ógnun við líffræðilega fjölbreytni sjávar, og á því þarf að taka í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar — Stöðvun skerðingar á líffræðilegri fjölbreytni árið 2010 (e. Halting the loss of biodiversity by 2010) — og til lengri framtíðar.

(4) Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) samþykkti árið 2001 alþjóðlega aðgerðaáætlun til þess að fyrirbyggja, hindra og uppræta, ólöglegar, óskráðar og eftirlitslausar veiðar, sem bandalagið hefur stutt. Ennfremur hafa svæðisbundnar fiskveiðistjórnununarstofnanir gert margvíslegar ráðstafanir, með virkum stuðningi bandalagsins, sem miða að því að vinna gegn ólöglegum, óskráðum og eftirlitslausum veiðum.

(5) Í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, og með hliðsjón af því hversu vandinn er mikill og brýnn, ætti bandalagið að herða verulega aðgerðir sínar gegn IUU-veiðum og samþykkja nýjar eftirlitsaðgerðir, sem taka á öllum þáttum vandans.

(6) Aðgerðir bandalagsins ættu fyrst og fremst að beinast að athæfi sem fellur undir skilgreiningu IUU-veiða og veldur alvarlegasta tjóninu á umhverfi hafsins, sjálfbærni fiskistofna og félagslegri og efnahagslegri stöðu fiskimanna, sem fylgja reglum um verndun og stjórnun fiskauðlinda.

(7) Í samræmi við skilgreininguna á IUU-veiðum ætti gildissvið reglugerðar þessarar að ná til fiskveiði á úthöfum og á hafsvæðum sem heyra undir lögsögu eða fullveldisrétt strandríkja, þ.m.t. hafsvæðum sem heyra undir lögsögu eða fullveldisrétt aðildarríkja Evrópusambandsins.

(8) Til þess að taka með sem viðeigandi hætti á Evrópuþætti IUU-veiða er brýnt að bandalagið geri nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bæta fylgni við reglur sameiginlegu fiskveiðistefnunnar. Meðan beðið er endurskoðunar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2847/93 frá 12. október 1993 um eftirlitskerfi sem gildir um sameiginlegu fiskveiðistefnuna [4] er rétt að setja ákvæði með þessu markmiði í reglugerð þessa.

(9) Reglur bandalagsins, einkum og sér í lagi II. hluti við Reglugerð (EBE) nr. 2847/93, kveða á um víðtækt kerfi sem ætlað er til þess að fylgjast með afla úr fiskiskipum bandalagsins og ganga úr skugga um að hann sé löglegur. Núverandi kerfi, sem gildir um fiskafurðir sem aflað er af fiskiskipum þriðju lands og fluttar eru til bandalagsins, tryggir ekki sambærilegt eftirlitsstig. Þessi annmarki er erlendum útgerðum, sem stunda IUU-veiðar, verulegur hvati til þess að eiga viðskipti með vörur sínar innan bandalagsins og auka þannig hagnaðinn af starfsemi sinni. Sem stærsti markaður og innflytjandi fiskafurða í heimi ber bandalagið sérstaka ábyrgð á því að tryggja að fiskafurðir, sem fluttar eru inn á yfirráðasvæði þess, eigi ekki uppruna sinn í IUU-veiðum. Því ætti að innleiða nýtt kerfi til þess að tryggja tilhlýðilegt eftirlit með aðfangakeðju fiskafurða sem fluttar eru inn í bandalagið.

(10) Reglur bandalagsins, sem gilda um aðgengi skipa sem sigla undir fána þriðja lands að höfnum bandalagsins, ætti að herða með það fyrir augum að tryggja tilhlýðilegt eftirlit með því hvort fiskafurðir, sem landað er af fiskiskipum sem sigla undir fána þriðja lands, séu löglegar. Í því ætti einkum að felast að aðgengi að höfnum bandalagsins skuli aðeins heimilt fiskiskipum sem sigla undir fána þriðja lands, sem geta látið í té nákvæmar upplýsingar um að afli þeirra sé löglegur og sem hafa fengið þessar upplýsingar staðfestar af fánaríki sínu.

(11) Umskipun á sjó sleppur við allt tilhlýðilegt eftirlit af hálfu fánaríkja eða strandríkja, og slíkt er alvanaleg leið fyrir útgerðir, sem stunda IUU-veiðar, til þess að dylja ólöglegan uppruna afla þeirra. Það er því réttlætanlegt að bandalagið heimili því aðeins umskipun að hún eigi sér stað í tilteknum höfnum aðildarríkja, í höfnum þriðju ríkja milli tveggja fiskiskipa bandalagsins eða utan hafsvæðis bandalagsins milli fiskiskipa bandalagsins og fiskiskipa sem skráð eru sem flutningsskip innan vébanda svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar.

(12) Viðeigandi er að kveða á um skilyrði, málsmeðferð og tíðni vettvangskannana, skoðunar og sannprófunar af hálfu aðildarríkja á grundvelli áhættustjórnunar.

(13) Banna ætti viðskipti innan bandalagsins með fiskafurðir, sem eiga uppruna sinn í IUU-veiðum. Til þess að þetta bann sé virkt og til þess að tryggja að allra fiskafurða, sem verslað er með og fluttar eru inn í bandalagið eða út úr því, hafi verið aflað í samræmi við alþjóðlegar verndunar- og stjórnunarráðstafanir og, eftir atvikum, gildandi reglur um viðkomandi fiskiskip, ber að setja upp vottunarkerfi sem gildir um öll viðskipti með fiskafurðir við bandalagið.

(14) Bandalagið ætti að taka mið af takmarkaðri getu þróunarlanda til þess að taka upp vottunarkerfið.

(15) Viðeigandi er að samkvæmt kerfinu yrði skylt að framvísa vottorði sem skilyrði fyrir innflutningi fiskafurða til bandalagsins. Í vottorðinu ættu að vera upplýsingar sem sýna fram á að vörurnar, sem um ræðir, séu löglegar. Vottorðið ætti að vera staðfest af fánaríki þeirra fiskiskipa sem öfluðu fiskjarins sem um ræðir í samræmi við skyldu þess að alþjóðalögum að tryggja að fiskiskip sem sigla undir fána þess fylgi alþjóðlegum reglum um verndun og stjórnun sjávarauðlinda.

(16) Brýnt er að þetta vottunarkerfi gildi um allan innflutning fiskafurða til bandalagsins og útflutning frá því. Kerfið ætti einnig að gilda um fiskafurðir, sem hafa verið fluttar eða unnar í landi öðru en fánaríkinu áður en þær bárust til yfirráðasvæðis bandalagsins. Sérstakar kröfur ættu því að gilda um þessar afurðir til þess að tryggja að afurðir sem berast inn á yfirráðasvæði bandalagsins séu ekki öðru vísi en þær sem staðfestar hafa verið sem löglegar af hálfu fánaríkis.

(17) Mikilvægt er að tryggja jafnt eftirlitsstig fyrir allar innfluttar fiskafurðir, án tillits til viðskiptatíðni eða viðskiptamagns, með því að taka upp sérstakar aðferðir til þess að auðkenna aðila sem viðurkennda rekstraraðila.

(18) Útflutningur afla úr fiskiskipum, sem sigla undir fána aðildarríkis, ætti einnig að vera háður vottunarkerfi innan samstarfsramma við þriðju ríki.

(19) Aðildarríkjum, sem fyrirhugað er að flytja afurðirnar til, ætti að vera gert kleift að kanna gildi aflavottorðanna, sem fylgja sendingu, og heimilt að hafna innflutningnum ef skilyrði þau, sem kveðið er á um í reglugerð þessari um aflavottorð, eru ekki uppfyllt.

(20) Mikilvægt er að könnun, skoðun og sannprófun í tengslum við fiskafurðir í umflutningi eða umskipun sé fyrst og fremst í höndum þeirra aðildarríkja sem eru endanlegur ákvörðunarstaður til þess að bæta skilvirkni.

(12) Í því skyni að aðstoða eftirlitsstjórnvöld í aðildarríkjum í því starfi sínu að fylgjast með því hvort fiskafurðir, sem átt er viðskipti með í bandalaginu, séu löglegar, og einnig til þess að vara rekstraraðila innan bandalagsins við, ætti að koma upp viðvörðunarkerfi innan bandalagsins sem ætlað er til þess að dreifa upplýsingum, þar sem við á, um rökstuddar efasemdir um fylgni tiltekinna þriðju ríkja við gildandi reglur um verndun og stjórnun.

(22) Brýnt er að bandalagið grípi til letjandi aðgerða gegn fiskiskipum sem stunda IUU-veiðar og falla ekki undir viðeigandi aðgerðir fánaríkja sinna gegn slíkum IUU-veiðum.

(23) Í þessu skyni ætti framkvæmdastjórnin, í samstarfi við aðildarríki, fiskveiðieftirlitsstofnun Evrópusambandsins, þriðju ríki og aðrar stofnanir, að tilgreina fiskiskip sem grunur leikur á að stundi IUU-veiðar, á grundvelli áhættustjórnunar, og framkvæmdastjórnin ætti að leita eftir upplýsingum frá viðkomandi fánaríki um það hvort þær grunsemdir séu á rökum reistar.

(24) Í því skyni að greiða fyrir eftirgrennslan varðandi fiskiskip, sem talið er að hafi stundað IUU-veiðar, og koma í veg fyrir áframhaldandi brot ættu slík fiskiskip að sæta sérstöku eftirliti og skoðunarkröfum af hálfu aðildarríkja.

(25) Þegar fullnægjandi forsendur eru til þess að ætla, á grundvelli aflaðra upplýsinga, að fiskiskip sem sigla undir fána þriðja ríkis hafi stundað IUU-veiðar og að þau fánaríki sem hafa lögsögu hafi ekki gripið til virkra aðgerða gegn slíkum IUU-veiðum ætti framkvæmdastjórnin að setja viðkomandi fiskiskip á skrá bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar.

(26) Þegar fullnægjandi forsendur eru til þess að ætla, á grundvelli aflaðra upplýsinga, að fiskiskip bandalagsins hafi stundað IUU-veiðar og að þau aðildarríki sem eru fánaríki og hafa lögsögu hafi ekki gripið til virkra aðgerða gegn slíkum IUU-veiðum samkvæmt þessari reglugerð og reglugerð (EBE) nr. 2847/93, ætti framkvæmdastjórnin að setja viðkomandi fiskiskip á skrá bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar.

(27) Með það fyrir augum að bæta fyrir athafnaleysi fánaríkja gagnvart fiskiskipum, sem sigla undir fána þeirra og sett hafa verið á skrá bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar, og í því skyni að hefta áframhaldandi fiskveiðar slíkra skipa, ættu aðildarríki að grípa til viðeigandi aðgerða gegn slíkum skipum.

(28) Til þess að vernda réttindi fiskiskipa, sem sett hafa verið á skrá bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar og fánaríkja þeirra, ætti málsmeðferð í tengslum við skráninguna að vera með þeim hætti að fánaríkið eigi þess kost að upplýsa framkvæmdastjórnina um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til og, þar sem því verður við komið, að veita eigendum þeim eða útgerðum, sem í hlut eiga, tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum að á öllum stigum málsmeðferðar og gera ráð fyrir útstrikun fiskiskips af skránni þegar forsendur fyrir skráningunni eru ekki lengur fyrir hendi.

(29) Í því skyni að koma á sameiginlegum reglugerðarramma innan bandalagsins og koma í veg fyrir að fjöldi lista verði til yfir fiskiskip sem stunda IUU-veiðar ættu fiskiskip á listum sem svæðisbundnar fiskveiðistjórnununarstofnanir halda yfir skip sem stunda IUU-veiðar að fara sjálfkrafa inn á samsvarandi lista sem framkvæmdastjórnin heldur.

(30) Misbrestur á því að sum ríki ræki skyldur sína skv. alþjóðalögum, sem fánaríki, hafnaríki, strandríki eða markaðsríki, að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fiskiskip þeirra eða ríkisborgarar

fari að reglum um verndun og stjórnun sjávarauðlinda er einn helsti drifkraftur IUU-veiða og á því ætti bandalagið að taka.

(31) Í þessu skyni ætti bandalagið, til viðbótar aðgerðum sínum á alþjóðlegu og svæðisbundnu stigi, að eiga þess kost að tilgreina þau ríki sem ekki sýna samstarfsvilja á gagnsæjum, skýrum og hlutlausum forsendum og á grundvelli alþjóðlegra staðla og, að gefnum hæfilegum fresti til þess að bregðast við fyrri tilkynningu, að grípa til óhlutdrægra, lögmætra og hæfilegra viðurlaga gagnvart slíkum ríkjum, þ.m.t. viðskiptalegra viðurlaga.

(32) Það er í verkahring ráðsins að ákvarða viðskiptaleg viðurlög gagnvart ríkjum. Þar sem samantekt lista yfir ríki, sem ekki sýna samstarfsvilja, ætti að leiða til gagnaðgerða varðandi þau ríki sem um ræðir, er við hæfi að ráðið áskilji sér rétt til þess að beita framkvæmdavaldi sínu með beinum hætti í þessu tiltekna máli.

(33) Brýnt er að ríkisborgurum aðildarríkja verði aftrað með virkum hætti frá því að stunda eða styðja IUU-veiðar, sem stundaðar eru af fiskiskipum sem sigla undir fána þriðju ríkja og eiga sér stað utan bandalagsins, án þess að slíkt skerði meginábyrgð fánaríkisins. Aðildarríki ættu þess vegna að koma á nauðsynlegum ráðstöfunum og eiga samstarf sín á milli og með þriðju ríkjum til þess að tilgreina ríkisborgara sína sem stunda IUU-veiðar, tryggja að þeir sæti fullnægjandi viðurlögum og öðlast vitneskju um starfsemi ríkisborgara sinna, sem tengjast fiskiskipum þriðju ríkja, utan bandalagsins.

(34) Þrálátur fjöldi alvarlegra brota gegn reglum sameiginlegu fiskveiðistefnunnar á hafsvæðum bandalagsins eða af hálfu útgerða innan bandalagsins á sér að verulegu leyti rætur í því að refsiaðgerðir, sem kveðið er á um í löggjöf aðildarríkja vegna alvarlegra brota, hafa ekki nægileg fælingaráhrif. Það eykur á þennan veikleika að viðurlög eru afar mismunandi milli aðildarríkja, sem hvetur ólöghlýðnar útgerðir til þess að stunda útgerð sína á hafsvæðum eða á yfirráðasvæði aðildarríkja þar sem viðurlögin eru vægust. Til þess að bregðast við þessum annmarka, með því að byggja ofan á þau ákvæði sem þegar eru í reglugerðum (EB) nr. 2371/2002 and (EBE) nr. 2847/93, er við hæfi að samræma hámarksstig stjórnsýsluviðurlaga, sem gert verður ráð fyrir vegna alvarlegra brota gegn reglum sameiginlegu fiskveiðistefnunnar, með hliðsjón af andvirði fiskafurðanna, sem aflað er með alvarlegu broti, hvort um ítrekuð brot sé að ræða, og með mati á þeim skaða sem hlýst af fyrir sjávarauðlindirnar og umhverfi hafsins, svo og að gera ráð fyrir tafarlausum ráðstöfunum til framfylgdar og hliðarráðstöfunum.

(35) Til viðbótar við athæfi, sem telja mætti alvarlegt brot á reglum um fiskveiðar, ætti einnig að líta á viðskipti í beinum tengslum við IUU-veiðar, þ.m.t. viðskipti með fiskafurðir, sem eiga uppruna í IUU-veiðum, eða innflutning þeirra, eða fölsun skjala, sem alvarleg brot er kalla á upptöku samræms hámarksstigs stjórnsýsluviðurlaga af hálfu aðildarríkja.

(36) Viðurlög við alvarlegum brotum gegn reglugerð þessari ættu einnig að eiga við um lögpersónur, þar sem slík brot eru að miklu leyti framín í þágu lögpersóna eða þeim til hagsauka.

(37) Ákvæði sem tengjast aðkomum að fiskiskipum á sjó, sem tekin hafa verið upp innan tiltekinna svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana, ætti að innleiða með samræmdum hætti innan bandalagsins.

(38) Samstarf milli aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og við þriðju ríki er nauðsynlegt til þess að tryggja að IUU-veiðar séu tilhlýðilega rannsakaðar og sæti viðurlögum og til þess að unnt sé að koma við þeim aðgerðum sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari. Koma ætti upp kerfi til gagnkvæmrar aðstoðar til þess að bæta slíkt samstarf.

(39) Í samræmi við meðalhöfsregluna er nauðsynlegt og viðeigandi, til þess að ná því grundvallarmarkmiði að uppræta IUU-veiðar, að setja reglur um þær ráðstafanir sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari. Reglugerð þessi gengur ekki lengra en þörf krefur til þess að ná þeim markmiðum sem sóst er eftir, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

(40) Þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að innleiða reglugerð þessa, ætti að samþykkja í samræmi við reglugerð ráðsins nr. 1999/468/EB frá 28. júní 1999, þar sem kveðið er á um reglur um meðferð valda sem framkvæmdastjórninni eru falin [5].

(41) Með reglugerð þessari eru IUU-veiðar skilgreindar sem sérlega alvarlegt brot gegn viðeigandi lögum, reglum eða reglugerðum, þar sem þær grafa undan viðleitninni til þess að ná markmiðum reglnanna, sem brotið er gegn, og stefna í hættu sjálfbærni þeirra stofna sem um ræðir eða verndun umhverfis hafsins. Þegar tekið er mið af takmörkuðu gildissviði reglugerðar þessarar verður framkvæmd hennar að byggja á og bæta upp gildissviði reglugerðar (EBE) nr. 2847/93, þar sem kveðið er á um grundvallarráttinn utan um stjórnun og eftirlit með fiskveiðum skv. sameiginlegu fiskveiðistefnunni. Samkvæmt því styrkir reglugerð þessi reglur reglugerðar (EBE) nr. 2847/93 á sviði hafnarskoðunar fiskiskipa þriðju ríkja, sem eru hér með felldar úr gildi og í þeirra stað kemur hafnarskoðunarkerfi það sem komið er á fót með II. kafla reglugerðar þessarar. Að auki er í reglugerð þessari kveðið á um viðurlagakerfi í IX. kafla, sem gildir sérstaklega um IUU-veiðar. Ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 2847/93 um viðurlög gilda þannig áfram um brot gegn reglum sameiginlegu fiskveiðistefnunnar, að frátöldum þeim sem falla under þessa reglugerð.

(42) Verndun einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar bandalagsins hafa unnið og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga [6], og gildir sú reglugerð að öllu leyti um vinnslu persónuupplýsinga skv. reglugerð þessari, einkum og sér í lagi að því er varðar rétt skráðra aðila til aðgangs, leiðréttingar, lokunar fyrir aðgang og miðlun til þriðja aðila; af þeim sökum er ekki gerð nánari grein fyrir þeirri vernd í reglugerð þessari.

(43) Gildistaka ákvæða reglugerðar þessarar er varða málefni er falla undir reglugerðir ráðsins (EBE) nr. 2847/93, (EB) nr. 1093/94 [7], (EB) nr. 1447/1999 [8], (EB) nr. 1936/2001 [9] og (EB) nr. 601/2004 [10] ætti að leiða til niðurfellingar á hlutum þessarar reglugerðar eða reglugerðanna í heild.

**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

## **I. KAFLI**

### **ALMENN ÁKVÆÐI**

#### **1. gr.**

Efni og gildissvið

1. Þessari reglugerð er ætlað að koma á fót kerfi innan bandalagsins til að fyrirbyggja, hindra og uppræta, ólöglegar, óskráðar og eftirlitslausar veiðar (hér eftir nefndar einu nafni "IUU-veiðar").

2. Í því skyni að ná markmiðum 1. mgr. skal sérhvert aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við lög bandalagsins, til þess að tryggja árangur kerfisins. Skal það veita nægilegum fjármunum til lögbærra stjórnvalda sinna til þess að gera þeim kleift að gegna skyldum sínum samkvæmt því sem reglugerð þessi mælir fyrir um.

3. Kerfið, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal ná til allra IUU-veiða og skyldrar starfsemi sem fram fer á yfirráðasvæði aðildarríkja sem stofnsáttmáli Evrópubandalagsins gildir um, á hafsvæðum bandalagsins, á hafsvæðum sem heyra undir lögsögu eða fullveldisrétt þriðja ríkis og á úthöfum. Um IUU-veiðar á hafsvæðum yfirráðasvæða erlendrar ríkja og ríkja sem vísað er til í II. viðauka við stofnsáttmála Evrópubandalagsins, skal fara eins og þær ættu sér stað á hafsvæðum þriðju ríkja.

#### **2. gr.**

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. "ólöglegar, óskráðar og eftirlitslausar fiskveiðar" eða einu nafni "IUU-veiðar" merkir fiskveiðar sem eru ólöglegar, óskráðar eða eftirlitslausar;

2. "ólöglegar veiðar" merkir fiskveiðar sem eru:

(a) stundaðar af innlendum eða erlendum fiskiskipum á hafsvæði í lögsögu ríkis án leyfis viðkomandi ríkis eða í trássi við lög þess og reglugerðir;

(b) stundaðar af fiskiskipum sem sigla undir fánum ríkja, sem eru aðilar að viðkomandi svæðisbundinni fiskveiðistjórnunarstofnun en starfa í trássi við þær verndunar- og stjórnunarráðstafanir, sem teknar hafa verið upp af þeirri stofnun og eru bindandi fyrir viðkomandi ríki, eða í trássi við viðeigandi ákvæði gildandi alþjóðlalaga; eða

(c) stundaðar af fiskiskipum, sem brjóta gegn innlendum rétti eða alþjóðlegum skuldbindingum, þ.m.t. skuldbindingum samstarfsríkja innan svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana.

3. "óskráðar veiðar" merkir fiskveiðar sem:

(a) hafa ekki verið tilkynntar eða hafa verið ranglega tilkynntar til viðkomandi landsbundinna yfirvalda og brjóta þannig gegn innlendum lögum og reglugerðum; eða

(b) hafa átt sér stað í umdæmi svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar og hafa ekki verið tilkynntar, eða hafa verið ranglega tilkynntar, og brjóta þannig gegn tilkynningarreglum viðkomandi stofnunar;

4. "eftirlitslausar veiðar" merkir fiskveiðar sem eru:

(a) stundaðar á starfssvæði svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar af fiskiskipum án þjóðernis, af fiskiskipum sem sigla undir fána ríkis, sem ekki er aðili að stofnuninni, eða einhverri annarri útgerð, með aðferðum sem samrýmast ekki eða brjóta gegn verndunar- og stjórnunarráðstöfunum stofnunarinnar; eða

(b) stundaðar á svæðum eða úr fiskistofnum, sem ekki falla undir neinar gildandi ráðstafanir til verndunar eða stjórnunar, af fiskiskipum með aðferðum sem ekki samrýmast ábyrgð ríkja á verndun lífríkis sjávar samkvæmt alþjóðalögum;

5. "fiskiskip" merkir skip, af hvaða stærð sem er, sem er notað eða ætlað til nota við nýtingu fiskistofna í atvinnuskyni, þ.m.t. birgðaskip, verksmiðjuskip, umskipunarskip og flutningaskip útbúin til flutninga á fiskafurðum, önnur en gámaskip;

6. "fiskiskip bandalagsins" táknar fiskveiðiskip sem siglir undir fána aðildarríkis og skráð er innan bandalagsins;

7. "veiðiheimild" merkir leyfi til að stunda fiskveiðar á tilteknu tímabili, á tilteknu svæði eða af tiltekinni tegund;

8. "fiskafurðir" merkir vörur sem falla undir undir 3. kafla og tollskrárnúmer 1604 og 1605 í sameinaðri tollnafnaskrá, sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23 júlí 1987 um tollskrá og hagtöluflokkunarkerfi og sameiginlega tollskrá bandalagsins [11], að undanskildum þeim vörum sem tilgreindar eru í I. viðauka við reglugerð þessa;

9. "verndunar- og stjórnunarráðstafanir" merkir ráðstafanir til að vernda eða stjórna einni eða fleiri lífandi auðlindum sjávar, sem hafa verið teknar upp og gilda í samræmi við hlutaðeigandi reglur alþjóðlegra og/eða evrópskra laga;

10. "umskipun" táknar umlestun allra eða einhverra hverra fiskafurða um borð í fiskiskipi til annars fiskiskips;

11. "innflutningur" merkir innkomu fiskafurða á yfirráðasvæði bandalagsins, þ.m.t. til umskipunar í höfnum á yfirráðasvæðum þess;

12. "óbeinn innflutningur" merkir innflutning frá yfirráðasvæði þriðja ríkis annars en fánaríkis fiskiskipsins, sem ber ábyrgð á aflanum;

13. "útflutningur" merkir allan flutning fiskafurða til þriðja ríkis, sem veiddar eru af af skipum sem sigla undir fána aðildarríkis, þ.m.t. frá yfirráðasvæðum bandalagsins, frá þriðju ríkjum eða af fiskimiðum;

14. "endurútflutningur" merkir allan flutning fiskafurða frá yfirráðasvæði bandalagsins, sem hafa áður verið fluttar til yfirráðasvæðis bandalagsins;

15. "svæðisbundin fiskveiðistjórnunarstofnun" merkir lögbæra innansvæðisstofnun, svæðisbundna stofnun eða sambærilega stofnun, sem viðurkennd er skv. alþjóðalögum, til þess að koma á verndunar- og stjórnunarráðstöfunum fyrir lífríki sjávar, sem heyrir undir hana samkvæmt sáttmála eða samningi, sem hún grundvallast á;

16. "samningsaðili" merkir aðila að alþjóðlegum sáttmála eða samningi um svæðisbundna fiskveiðistjórnunarstofnun, sem og ríki, útgerðir eða aðra aðila sem eiga samstarf við stofnunina og hefur verið veitt óbein aðild að henni án samningsaðilar.

17. "aðkoma" merkir tilvik þar sem þar til bært yfirvald aðildarríkis, sem ber ábyrgð á eftirliti úti á sjó, eða skipstjóri fiskiskips bandalagsins eða fiskiskips þriðja ríkis, kemur að skipi sem kynni að falla undir eina eða fleiri skilgreiningar sem vísað er til í 1. mgr. 3. gr.;

18. "sameiginlegar fiskveiðar" merkir samstarf tveggja eða fleiri fiskiskipa, þar sem afli er færður frá veiðibúnaði eins fiskiskips til annars, eða þar sem tæknin, sem notuð er af fiskiskipunum, krefst sameiginlegs veiðibúnaðar.

19. "lögpersóna" merkir sérhverja persónu sem löglega er stofnað til samkvæmt gildandi innlendum rétti, að frátöldum ríkjum eða opinberum stofnunum, sem fara með ríkisvald, og almenningsstofnunum;

20. "áhætta" merkir líkurnar á því að einhver atburður gerist sem, að því er varðar fiskafurðir, sem eru fluttar út eða inn af yfirráðasvæði bandalagsins, kemur í veg fyrir rétta framkvæmt reglugerðar þessarar eða verndunar- og stjórnunarráðstafanna;

21. "áhættustjórnun" merkir skipulega áhættugreiningu og framkvæmd allra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að takmarka áhættu. Þar með er talin starfsemi svo sem söfnun gagna og upplýsinga, greining og mat á áhættu, fyrirmæli um aðgerðir og framkvæmd þeirra og reglubundin vöktun og endurskoðun á ferlinu og árangri þess, byggt á alþjóðlegum, evrópskum eða innlendum heimildum eða áætlunum;

22. "úthaf" merkir allt hafsvæðið sem skilgreint er í 86. gr. Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna

23. "vörusending" merkir vörur sem eru annað hvort sendar samtímis frá einum útflytjanda til eins viðtakanda, eða á einu flutningsskjali, sem fylgir vörusendingunni frá útflytjandanum til viðtakanda.

3. gr.

Fiskiskip sem stunda IUU\_veiðar

1. Fiskiskip telst stunda IUU-veiðar ef sýnt þykir að það hafi, andstætt verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem gilda á viðkomandi fiskveiðisvæði:

- (a) veitt án gilds skírteinis, heimildar eða leyfis útgefna af fánaríkinu eða viðkomandi strandríki; eða
- (b) ekki uppfyllt þær skyldur sínar að skrá og tilkynna afla eða upplýsingar um afla, þ.m.t. upplýsingar sem senda ber um vöktunarkerfi skipa um gervitungl, eða tilkynningar fyrirfram skv. 6. gr.; eða
- (c) veitt á lokuðu svæði, utan veiðitímabils, án þess að hafa kvóta eða eftir að hafa náð kvóta eða á lokuðu dýpi; eða
- (d) stundað sértæka veiði úr stofni sem er háður veiðistöðvun eða veiðibanni; eða
- (e) notað bönnuð veiðarfæri eða veiðarfæri sem uppfylla ekki staðla; eða
- (f) falsað eða dulið merkingar sínar, auðkenni eða skráningu; eða

(g) leynt, hagrætt eða fargað gögnum sem tengjast málsrannsókn; eða

(h) hindrað störf embættismanna, sem eru við skyldustörf í eftirliti þeirra með að farið sé eftir verndunar- og stjórnunarráðstöfunum; eða störf eftirlitsmanna við skyldustörf að líta eftir fylgni við gildandi reglur bandalagsins; eða

(i) tekið um borð, umskipað eða landað undirmálsfiski í trássi við gildandi lög; eða

(j) umskipað eða tekið þátt í sameiginlegum veiðum með, stutt eða endurnýjað birgðir annarra fiskiskipa, sem staðin hafa verið að því að stunda IUU-veiðar skv. reglum þessum, einkum þau fiskiskip sem eru á skrá bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar eða á skrá svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar yfir slík skip; eða

(k) stundað veiðar í lögsögu sem heyrir undir svæðisbundna fiskveiðistjórnunarstofnun með þeim hætti að þær eru á skjön við eða brjóta gegn verndunar- og stjórnunarráðstöfunum þeirrar stofnunar og siglt undir fána ríkis, sem er ekki aðili að stofnuninni eða er ekki í samstarfi hana, eftir því sem stofnunin hefur staðreynt; eða

(l) ekkert ríkisfang og er þar með ríkisfangslaust skip í þjóðréttarlegum skilningi.

2. Athæfi skv. 1. mgr., skal teljast alvarlegt brot skv. 42. gr., allt eftir þýðingu brotsins sem um ræðir, sem skal ákvörðuð af þar til bæru stjórnvaldi aðildarríkis á grundvelli forsendna á borð við tjónið sem af hlaust, verðmætið sem um ræðir, umfang brotsins eða ítrekun þess.

## II. KAFLI

### SKOÐUN Á FISKISKIPUM ÞRIÐJU RÍKJA Í HÖFNUM AÐILDARRÍKJA

#### 1. HLUÐI

Skilyrði fyrir hafnaraðgangi fiskiskips þriðja ríkis

4. gr.

Skoðunarkerfi í höfn

1. Í þeim tilgangi að fyrirbyggja, hindra og uppræta IUU-veiðar, skal starfrækt skilvirkt eftirlitskerfi til skoðunar í höfnum á fiskiskipum þriðju ríkja.

2. Aðgangur að höfnum í ríkjum bandalagsins, hafnarþjónusta, og löndunar- og umskipunarstarfsemi í slíkum höfnum, skal bönnuð fiskiskipum þriðju ríkja ef þau uppfylla ekki kröfur þær, sem gerðar eru í reglugerð þessari, nema um óviðráðanleg atvik sé að ræða (*force majeure*) eða í neyðartilvikum í skilningi 18. gr. hafréttarsamningsins (óviðráðanlegar ástæður eða neyð) og þá fyrir þjónustu sem bráðnauðsynleg er til þess að ráða bót á þeim aðstæðum.

3. Umskipun milli fiskiskipa þriðja ríkis, eða á milli slíkra skipa og fiskiskipa sem sigla undir fána aðildarríkis, skal bönnuð á hafsvæðum bandalagsins og skal einvörðungu eiga sér stað í höfn, í samræmi við ákvæði þessa kafla.

4. Fiskiskipum sem sigla undir fána aðildarríkis skal ekki heimilt að umskipa afla úr fiskiskipum þriðju ríkja á rúmsjó utan hafsvæða Bandalagsins nema fiskiskipin séu skráð sem flutningaskip innan vébanda svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar.

5. gr.

Tilgreindar hafnir

1. Aðildarríki skulu tilgreina hafnir, eða staði nálægt strönd, þar sem löndun eða umskipun fiskafurða og hafnarþjónusta, sem vísað er til í 2. mgr. 4. gr., er leyfð

2. Aðgangur að hafnarþjónustu og framkvæmd löndunar og umskipunar af hálfu fiskiskipa þriðju ríkja skal aðeins leyfð í tilgreindum höfnum.



3. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 15. janúar ár hvert, lista yfir tilgreindar hafnir. Allar síðari breytingar á þessum lista skulu tilkynntar framkvæmdastjórninni með minnst 15 daga fyrirvara áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

4. Framkvæmdastjórnin skal, án tafar, gefa út lista um tilgreindar hafnir í stjórnartíðindum Evrópusambandsins og á vefsetri þess.

6. gr.

Tilkynning fyrirfram

1. Skipstjórnar fiskiskipa þriðju ríkja eða umboðsmenn þeirra skulu tilkynna þar til bæru stjórnvaldi aðildarríkis um hvaða tilgreinda höfn eða löndunaraðstöðu þeir vilji nota minnst þremur virkum dögum fyrir áætlaðan komutíma til hafnarinnar, þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar:

(a) auðkenni skipsins;

(b) heiti tilgreindrar hafnar sem er ákvörðunarstaður skipsins og tilgangur viðkomunnar, löndunar, umskipunar eða aðgangs að þjónustu;

(c) veiðheimild eða, þar sem við á, heimild til að styðja við fiskveiðar eða til umskipunar á fiskafurðum;

(d) dagsetningar veiðiferðar;

(e) áætlaður komudagur og komutími til hafnar;

(f) magn hvernar tegundar um borð eða, þar sem við á, neikvæð skýrsla;

(g) svæðið eða svæðin þar sem aflað var eða umskipun átti sér stað, hvort það var á hafsvæðum bandalagsins, á svæðum sem heyra undir lögsögu eða fullveldisrétt þriðja ríkis eða á úthafi;

(h) magn hvernar tegundar sem ætlunin er að landa eða umskipa.

Skipstjórnar fiskiskips þriðja ríkis eða umboðsmenn þeirra skulu undanþegnir upplýsingagjöf skv. liðum (a), (c), (d), (g) og (h), þegar aflavottorð hefur verið staðfest í samræmi við III. kafla fyrir allan aflann sem ætlunin er að landa eða umskipa á yfirráðasvæði bandalagsins.

2. Tilkynningu samkvæmt 1. mgr. skal fylgja aflavottorð, staðfest í samræmi við III. kafla, ef fiskiskip þriðja ríkis er með fiskafurðir innanborðs. Ákvæði 14. gr. um viðurkenningu aflaskjala eða eftirlitsskjala hafnarríkis, sem eru hluti af aflaskjöllum eða skoðunarkerfi hafnar í ríki sem viðurkennt hefur verið af svæðisbundinni fiskveiðistjórnunarstofnun, skulu gilda að breyttu breytanda.

3. Samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr., getur framkvæmdastjórnin undanþegið vissa flokka fiskiskipa þriðju ríkja frá ákvæðum 1. mgr. um takmarkað en framlengjanlegt tímabil, eða kveðið á um annað tilkynningartímabil að teknu tilliti til, m.a., tegundar fiskafurðar, fjarlægðar milli veiðisvæða, löndunarstaða og hafna þar sem viðkomandi skip eru skráð eða á lista.

4. Þessi grein skal gilda með fyrirvara um sérstök ákvæði í fiskveiðisamningum milli bandalagsins og þriðju ríkja.

7. gr.

Heimild

1. Með fyrirvara um 5. tölul. 37. gr., skal fiskiskipi þriðja ríkis aðeins heimilaður ágangur að höfn ef þær upplýsingar sem lýst er í 1. mgr. 6. gr. eru fullnægjandi og að þeim fylgi aflavottorð skv. 2. mgr. 6. gr., ef fiskiskip þriðja ríkis er með fiskafurðir innanborðs.

2. Heimild til að hefja löndun eða umskipun í höfn skal háð athugun á því hvort upplýsingar, sem veittar eru skv. 1. mgr., séu fullnægjandi og, þar sem við á, skoðun samkvæmt 2. hluta.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessarar greinar, er höfn aðildarríkis heimilt að leyfa hafnaraðgang og fulla löndun eða löndun að hluta í tilvikum þar sem upplýsingar skv. 1. mgr. 6. gr. eru ekki fullnægjandi eða

beðið er skoðunar eða sannprófunar, en í slíkum tilvikum ber að halda fiskafurðunum í geymslu sem er í umsjá þar til bærs stjórnvalds. Fiskafurðir skulu aðeins leystar út til sölu, framsals eða flutnings þegar upplýsingar skv. 1. mgr. 6. gr. hafa borist eða skoðunar- og sannprófunarferli er lokið. Ef þessu ferli er ekki lokið innan 14 daga frá löndun getur aðildarríki hafnarinnar gert fiskafurðirnar upptækar eða ráðstafað þeim í samræmi við reglur sem gilda að landsrétti. Kostnaður af geymslunni skal borinn af útgerðinni.

8. gr.

Skráning löndunar eða umskipunar

1. Fyrir löndun eða umskipun skulu skipstjórar fiskiskips þriðja ríkis, eða umboðsmaður þeirra, senda skýrslu til stjórnvalda í aðildarríkinu þar sem hin tilgreinda löndunar- eða umskipunarhöfn er, með rafrænum hætti ef mögulegt er, um það magn fiskafurða sem þeir hyggjast landa eða umskípa, flokkað eftir tegundum og með dagsetningu og veiðistað hvers afla. Skipstjórar og fulltrúar þeirra skulu teljast ábyrgir fyrir áreiðanleika skýrslunnar.

2. Aðildarríki skulu varðveita frumrit skýrslna, sem lýst er í 1. mgr., eða útprentun þeirra þegar sent er með rafrænum hætti, í þrjú ár eða lengur í samræmi við innlendar reglur.

3. Form og meðferð löndunar- og umskipunarskýrslna skal ákveðin samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr.

4. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni með tölvusendingu fyrir lok fyrsta mánaðar hvers ársfjórðungs um það magn sem landað var og/eða umskípað af fiskiskípum þriðju ríkja á næstliðnum ársfjórðungi.

2. HLUÐI

Hafnarskoðanir

9. gr.

Almennar reglur.

1. Aðildarríki skulu láta fara fram skoðanir í tilgreindum höfnum sínum á minnst 5% landana og umskipana fiskiskípa þriðju ríkja ár hvert, í samræmi við viðmiðunarmörk sem ákveðin eru með þeirri aðferð sem er vísað er til í 2. mgr. 54. gr. á grundvelli áhættustjórnunar, með fyrirvara um hærri viðmið sem kunna að vera ákveðin af svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum.

2. Eftirtalin fiskiskíp skulu skoðuð í öllum tilvikum:

(a) fiskiskíp, sem komið er að skv. 48 gr.;

(b) fiskiskíp, sem tilkynnt er um á grundvelli reglna um viðvörunarkerfi bandalagsins skv. IV. kafla;

(c) fiskiskíp, sem framkvæmdastjórnin hefur tilgreint sem grunuð um IUU-veiðar skv. 25. gr.;

(d) fiskiskíp, sem eru á skrá svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar yfir skip sem stunda IUU-veiðar og sem tilkynnt hefur verið um til aðildarríkja skv. 30. gr.

10. gr.

Framkvæmd skoðunar

1. Embættismenn, sem annast skoðunarstörf (hér eftir "embættismenn"), skulu eiga þess kost að rannsaka öll svæði, þilföer og rúm fiskiskíps, unninn og óunninn afla, net eða önnur veiðarfæri, tækjabúnað og öll viðeigandi skjöl sem embættismenn telja nauðsynlegt að sannprófa í samræmi við gildandi lög, reglugerðir eða alþjóðlegar stjórnunar- og verndunarráðstafanir. Embættismönnum er auk þess heimilt að yfirheyra þá sem taldir eru búa yfir upplýsingum um mál sem til skoðunar er.

2. Í skoðun felst eftirlit með öllu löndunar- eða umskipunarferlinu og samanburður eftir tegundum á því magni sem tilgreint var í löndunartilkynningu og því magni sem landað er eða umskípað.

3. Embættismenn skulu undirrita skoðunarskýrslu sína í viðurvist skipstjóra fiskiskipsins, sem skal gefinn kostur á að bæta við eða láta bæta við upplýsingum sem hann telur máli skipta. Embættismenn skulu færa í skipsdagbókina að skoðun hafi farið fram.

4. Afrit skoðunarskýrslu skal afhent skipstjóra fiskiskipsins og er honum heimilt að framsenda hana til eigandans.

5. Skipstjóra ber að sýna samstarfsvilja og aðstoða við skoðun fiskiskipsins og skal ekki hindra emættismenn, ógna þeim eða trufla þá við skyldustörf.

11. gr.

Málsmeðferð við brot

1. Gefi upplýsingar, sem fram koma við skoðunina, vísbendingar um það, að mati embættismanns, að fiskiskip hafi stundað IUU-veiðar samkvæmt viðmiðum í 3. gr., skal embættismaðurinn:

(a) skrá hið meinta brot í skoðunarskýrsluna;

(b) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja örugga vörslu sönnunargagna sem tengjast hinu meinta broti;

c) framsenda skoðunarskýrsluna þegar í stað til lögbærs stjórnvalds.

2. Ef niðurstöður skoðunarinnar gefa vísbendingar um að fiskiskip þriðja ríkis hafi stundað ólöglegar veiðar samkvæmt viðmiðum í 3. gr. skal þar til bært stjórnvald aðildarríkisins þar sem höfnin er ekki veita heimild til þess að skipið landi eða umskipi afla sínum.

3. Aðildarríkið þar sem skoðunin fer fram skal þegar í stað tilkynna um þá ákvörðun sína að heimila ekki löndun eða umskipun skv. 2. mgr., og senda með tilkynningunni afrit skoðunarskýrslunnar til framkvæmdastjórnarinnar eða stjórnvalds sem hún til vísar, sem skal þegar í stað senda hana áfram til þar til bærs stjórnvalds í fánaríki hins skoðaða fiskiskips með afriti til fánaríkis eða ríkja skipa sem aflinn var fenginn úr hafi hið skoðaða fiskveiðiskip tekið þátt í umskipun. Þar sem við á skal afrit af tilkynningunni einnig sent til framkvæmdastjóra svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar, sem lögsögu hefur á því svæði þar sem veiðin átti sér stað.

4. Þegar meint brot hefur átt sér stað á úthafi skal aðildarríkið þar sem höfnin er eiga samstarf við fánaríkið um að rannsaka málið og, eftir atvikum, beita þeim viðurlögum sem lög aðildarríkisins þar sem höfnin er mæla fyrir um, enda hafi viðkomandi fánaríki með ótvíræðum hætti samþykkt að framselja lögsögu sína í málinu. Ennfremur, þegar meint brot hefur átt sér stað á hafsvæði þriðja ríkis, skal aðildarríkið þar sem höfnin er einnig eiga samstarf við strandríkið um að rannsaka málið og, eftir atvikum, beita þeim viðurlögum sem lög aðildarríkisins þar sem höfnin er mæla fyrir um, enda hafi viðkomandi strandríki með ótvíræðum hætti samþykkt að framselja lögsögu sína í málinu.

### III. KAFLI

#### AFLAVOTTORÐAKERFI TIL INNFLUTNINGS OG ÚTFLUTNINGS FISKAFURÐA

12. gr.

Aflavottorð

1. Innflutningur til bandalagsins á fiskafurðum, sem aflað er með IUU-veiðum, skal bannaður.

2. Í því skyni að tryggja virkni bannsins, sem skilgreint er í 1. mgr., skulu fiskafurðir aðeins fluttar inn til bandalagsins þegar þeim fylgir aflavottorð í samræmi við reglugerð þessa.

3. Aflavottorðið, sem vísað er til í 2. mgr., skal staðfest af fánaríki fiskiskips eða fiskiskipa, er veiddu aflann, sem fiskafurðirnar eru unnar úr. Það skal notað til þess að votta að aflinn hafi fengist í samræmi við gildandi lög, reglur og alþjóðlegar verndunar- og stjórnunarráðstafanir.

4. Aflavottorðið skal hafa að geyma allar upplýsingar, sem tilgreindar eru í sýnishorninu í II. viðauka, og skal það staðfest af opinberu stjórnvaldi í fánaríkinu, sem hefur til þess vald að votta að upplýsingar

séu réttar. Í samkomulagi við fánaríkin, innan ramma samstarfsins sem lýst er í 4. mgr. 20. gr., skal heimilt að stofna, staðfesta eða leggja fram aflavottorðið með rafrænum hætti, og í stað þess má taka upp rafrænt rekjanlegt kerfi sem tryggir sama eftirlitsstig af hálfu opinberra aðila.

5. Listann í I. viðauka um afurðir sem falla utan gildissviðs aflavottorðakerfisins má endurskoða árlega á grundvelli upplýsinga sem safnað er skv. II., III., IV., V., VIII., X. og XII. kafla og breyta samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr.

13. gr.

Aflaskráningarkerfi sem samþykkt eru og gilda innan ramma svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar

1. Aflaskjöl, og skyld skjöl, staðfest í samræmi við aflaskráningarkerfi sem samþykkt eru af svæðisbundinni fiskveiðistjórnunarstofnun og viðurkennt er að samrýmist ákvæðum reglugerðar þessarar, skulu tekin gild sem aflavottorð að því er varðar fiskafurðir úr tegundum, sem slík aflaskráningarkerfi gilda um, og skulu þau háð gátunar- og staðfestingararkröfum, sem innflutningsaðildarríki ber að fylgja skv. 16. og 17. gr. og ákvæðum um höfnun innflutnings í 18. gr. Listi yfir slík aflaskráningarkerfi skal ákvarðaður samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr.

2. 1. mgr. skal gilda með fyrirvara um sérstakar reglur sem í gildi eru um upptöku slíkra aflaskráningarkerfa í lög bandalagsins.

14. gr.

Óbeinn innflutningur fiskafurða

1. Til þess að flytja inn fiskafurðir sem teljast ein sending, sem flutt er á sama formi til bandalagsins frá þriðja ríki öðru en fánaríkinu, skal innflytjandi afhenda stjórnvöldum innflutningsríkja innan bandalagsins:

(a) aflavottorð staðfest af fánaríkinu, og

(b) skjalfesta sönnun um að fiskafurðirnar hafi ekki hlotið aðra meðferð en uppskipun, endurlestun eða hvers kyns meðferð sem miðar að því að halda þeim í góðu og óspilltu ástandi, og að þær hafi verið undir eftirliti lögbærra stjórnvalda í viðkomandi þriðja ríki.

Skjalfesta sönnun skal veita með:

(i) þar sem við á, hinu staka flutningsskjali sem gefið var út vegna flutningsins frá yfirráðasvæði fánaríkisins um hið þriðja ríki; eða

(ii) skjali útgefnu af lögbæru stjórnvaldi í viðkomandi þriðja ríki:

- með nákvæmri lýsingu fiskafurðanna, dagsetningu uppskipunar og endurlestunar afurðanna, og eftir atvikum, nöfnum skipanna eða annarra flutningatækja sem notuð voru, og

- með upplýsingum um þær aðstæður sem fiskafurðirnar voru geymdar við í viðkomandi þriðja landi.

Þegar tegundirnar, sem um ræðir, heyra undir aflaskráningarkerfi svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar, sem viðurkennt er samkvæmt 13. gr., getur í stað ofangreindra skjala komið endurútlutningsvottorð úr aflaskráningarkerfinu, enda hafi hið þriðja ríki uppfyllt tilkynningaskyldu sína samkvæmt því.

2. Til þess að flytja inn fiskafurðir, sem mynda eina sendingu og hafa verið unnar í þriðja ríki öðru en fánaríkinu, skal innflytjandinn afhenda stjórnvöldum aðildarríkisins, sem afurðirnar eru fluttar til, yfirlýsingu vinnslufyrirtækisins í viðkomandi þriðja ríki, staðfesta af þarlendu lögbæru stjórnvaldi, í samræmi við IV. viðauka:

a) með nákvæmri lýsingu á hinum unnu og óunnu afurðum og sundurliðuðu magni þeirra;

(b) með upplýsingum um að hinar unnu afurðir hafi verið unnar í viðkomandi þriðja ríki úr afla sem hafi fylgt aflavottorð staðfest af fánaríkinu; og

(c) ásamt:

(i) upprunalegu aflavottorði eða vottorðum þar sem fram kemur að allt það aflamagn sem um ræðir hafi verið notað til vinnslu fiskafurðanna sem eru fluttar út í einni sendingu; eða

(ii) afriti af upprunalegu aflavottorði eða vottorðum þar sem fram kemur að hluti þess aflamagns sem um ræðir hafi verið notaður til vinnslu fiskafurðanna sem eru fluttar út í einni sendingu.

Þegar tegundirnar sem um ræðir heyra undir aflaskráningarkerfi svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar, sem viðurkennt er samkvæmt 13. gr., getur í stað yfirlýsingarinnar komið endurútlutningsvottorð úr aflaskráningarkerfinu, enda hafi þriðja ríkið uppfyllt tilkynningaskyldu sína samkvæmt því.

3. Skjölin og yfirlýsinguna, sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. annars vegar og 2. mgr. hins vegar, má senda með rafrænum hætti innan ramma samstarfsins sem lýst er í 4. mgr. 20. gr.

15. gr.

Útflutningur afla fiskiskipa sem sigla undir fána aðildarríkis

1. Útflutningur afla fiskiskipa, sem sigla undir fána aðildarríkis, skal háður staðfestingu aflavottorðs af hálfu lögbærra stjórnvalda fánaríkisins eins og mælt er fyrir um í 4. mgr. 12. gr., ef þörf krefur innan samstarfsrammans sem kveðið er á um í 4. mgr. 20. gr.

2. Fánaríki, sem eru aðildarríki, skulu skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau stjórnvöld sín sem til þess eru bær að staðfesta aflavottorð sem vísað er til í 1. mgr.

16. gr.

Framvísun og skoðun aflavottorða

1. Staðfestu aflavottorði skal framvísað af innflytjanda til lögbærs stjórnvalds aðildarríkisins sem flytja á afurðina til, a.m.k. þremur virkum dögum fyrir áætlaðan komutíma til áfangastaðar á yferráðasvæði Bandalagsins. Þriggja vinnudaga mörkunum má breyta eftir tegund fiskafurðar, fjarlægð til komustaðar á yferráðasvæði bandalagsins eða flutningatækjum sem notuð eru. Þessi lögbæru stjórnvöld skulu, á grundvelli áhættustýringar, kanna aflavottorðið í ljósi þeirra upplýsinga sem gefnar eru í tilkynningunni sem barst frá fánaríkinu í samræmi við 20. gr. og 22. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal innflytjendum, sem hafa stöðu viðurkennds rekstraraðila, heimilt að upplýsa lögbær stjórnvöld aðildarríkisins um komu afurðanna innan þeirra tímamarka sem vísað er til í 1. mgr. og hafa til reiðu staðfest aflavottorð og tengd skjöl sem vísað er til í 14. gr. fyrir stjórnvöld vegna skoðana skv. 1. mgr. þessarar greinar eða sannprófunar skv. 17. gr.

3. Skilyrði fyrir því að lögbært yfirvald veiti innflytjanda stöðu viðurkennds rekstraraðila skulu m.a. vera eftirfarandi:

(a) að innflytjandinn hafi staðfestu í viðkomandi aðildarríki;

(b) að innflutningur sé nægilegur að fjölda og magni til þess að réttlæta notkun fyrirkomulags skv. 2. mgr.;

(c) viðeigandi saga um fylgni við verndunar- og stjórnunarráðstafanir;

(d) fullnægjandi kerfi til stjórnunar á viðskiptaskrá og, eftir atvikum, flutnings- og vinnsluskrá, sem gefur möguleika á viðeigandi athugunum og sannprófunum sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari;

(e) að aðstaða sé fyrir hendi til þess að þessar skoðanir og sannprófanir geti farið fram;

(f) þar sem við á, fullnægjandi stig starfshæfni eða starfsmenntunar sem tengist með beinum hætti þeirri starfsemi sem stunduð er; og

(g) þar sem við á, sannað greiðsluhæfi.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um nöfn og heimilisföng viðurkenndra rekstraraðila svo fljótt sem auðið er eftir að slík staða er veitt. Framkvæmdastjórnin skal veita aðildarríkjum aðgengi að þessum upplýsingum með rafrænum hætti.

Reglur varðandi stöðu viðurkenndra rekstraraðila má ákvarða samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr.

17. gr.

Sannprófanir

1. Lögbærum stjórnvöldum aðildarríkja er heimilt að láta fara fram allar þær sannprófanir, sem þau telja nauðsynlegar til þess að ákvæðum þessarar reglugerðar verði beitt með viðhlítandi hætti.

2. Sannprófanir geta sér í lagi falist í rannsókn afurða, sannprófun á upplýsingum í skýrslum og á tilvist og áreiðanleika skjala, rannsókn á reikningum rekstraraðila og annarra skjala, athugunum á flutningstækjum, þ.m.t. gámum og geymslurýmum afurða, og framkvæmd opinberra rannsókna og líkra aðgerða, til viðbótar fiskiskipaskoðunum í höfn skv. II. kafla.

3. Sannprófanir skulu beinast að áhættu sem greind er á grunvelli viðmiða sem þróuð eru á landsvísu eða innan bandalagsins undir formerkjum áhættustjórnunar. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um landsbundin viðmið sín innan 30 daga eftir 29. október 2008 og uppfæra þær upplýsingar. Viðmið sem gilda um bandalagið skal ákvarða samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr.

4. Sannprófanir skulu í öllu falli eiga sér stað þegar:

(a) stjórnvald, sem annast sannprófun í aðildarríkinu, hefur ástæðu til að draga í efa áreiðanleika aflavottorðsins sjálfs, sannprófunarinnsglis eða undirritunar þar til bærs stjórnvalds fánaríkisins; eða

(b) stjórnvald, sem annast sannprófun í aðildarríkinu, býr yfir upplýsingum sem vekja efasemdir um fylgni fiskiskipsins við gildandi lög, reglugerðir eða verndunar- og stjórnunarráðstafanir, eða við aðrar kröfur skv. reglugerð þessari; eða

(c) fiskiskip, útgerðir fiskiskipa eða aðrir rekstraraðilar hafa verið tilkynntir í tengslum við meintar ólöglegar veiðar, þ.m.t. fiskiskip sem hafa verið tilkynnt til svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar samkvæmt skilmálum skjalfestra reglna sem sú stofnun hefur samþykkt um að halda skrár yfir fiskiskip sem liggja undir grun um ólöglegar, óskráðar og eftirlitslausar fiskveiðar; eða

(d) fánaríki eða endurútlutningsríki hafa verið tilkynnt til svæðisbundinnar fiskveiðistjórnunarstofnunar skv. skilmálum skjalfestra reglna um að koma á viðskiptatáknmörkunum gagnvart fánaríkjum; eða

(e) viðvörðun hefur verið gefin út skv. 1. mgr. 23. gr.

5. Aðildarríki geta ákveðið að framkvæma sannprófanir af handahófi, til viðbótar sannprófunum sem vísað er til í 3. og 4. mgr.

6. Til sannprófunar geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis beðið um aðstoð lögbærra stjórnvalda fánaríkisins eða þriðja ríkis annars en fánaríkisins, sbr. 14. gr., en í því tilvik:

(a) skal beiðni um aðstoð tilgreina ástæður þess að lögbær stjórnvöld í viðkomandi aðildarríki hafi rökstuddar grunsemdir um gildi vottorðsins, um gildi yfirlýsinga í því og/eða samræmi afurðanna við verndunar- og stjórnunarráðstafanir. Skulu afrit aflavottorðsins og allar upplýsingar eða skjöl, sem benda til þess að upplýsingar á aflavottorðinu séu ónákvæmar, sendar áfram til stuðnings við beiðnina um aðstoð. Beiðnin skal send án tafar til lögbærra stjórnvalda fánaríkisins eða þriðja ríkis annars en fánaríkis, sbr. 14. gr.;

(b) skal ferli sannprófunarinnar lokið innan 15 daga frá dagsetningu sannprófunarbeiðninnar. Í því tilvikum að lögbært stjórnvald viðkomandi fánaríkis geti ekki staðið við frestinn, getur

sannprófunarstjórnvald aðildarríkisins skv. beiðni frá fánaríkinu eða frá þriðja ríki öðru en fánaríkinu, sbr. 14. gr., framlengt frestinn til svars, sem þó skal ekki vera lengri en 15 dagar til viðbótar.

7. Markaðsaðgangi afurðanna skal frestað meðan beiðni er niðurstaðna sannprófunarferlisins, sem lýst er í 1. – 6. mgr. Kostnaður af geymslunni skal borinn af útgerðinni.

8. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau stjórnvöld sín sem til þess eru bær að annast athuganir og sannprófanir aflavottorða skv. 16. gr. og 1.-6. mgr. þessarar greinar.

18. gr.

Innflutningi hafnað

1. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna skulu, þegar við á, hafna innflutningi fiskafurða til bandalagsins án þess að þurfa að óska eftir viðbótarsönnunargögnum eða senda beiðni um aðstoð þegar þau hafa orðið vör við:

(a) að innflytjandinn hafi ekki getað lagt fram aflavottorð fyrir afurðirnar sem um ræðir eða uppfyllt skyldur sínar skv. 1. eða 2. mgr. 16. gr.;

(b) afurðirnar, sem ætlað er að flytja inn, eru ekki þær sömu og tilgreindar eru á aflavottorði;

(c) aflavottorðið er ekki staðfest af opinberu stjórnvaldi fánaríkisins, sbr. 3. mgr. 12. gr.;

(d) aflavottorðið inniheldur ekki allar upplýsingar sem krafist er;

(e) innflytjandinn er ekki í aðstöðu til að sanna að fiskafurðirnar uppfylli skilyrði 1. og 2. mgr. 14. gr.;

(f) fiskskip, sem tilgreint er á aflavottorði sem upprunaskip aflans, er á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar eða á lista yfir skip sem stunda IUU-veiðar, sbr. 30. gr.;

(g) aflavottorðið hefur verið staðfest af stjórnvöldum fánaríkis sem telst vera ríki sem stendur utan samstarfs, sbr. 31. gr.

2. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna skulu, þar sem við á, hafna innflutningi allra fiskafurða til bandalagsins eftir að beiðni hefur borist um aðstoð skv. 6. mgr. 17. gr., þegar:

(a) þeim hefur borist svar þar sem fram kemur að útflytjandinn hafði ekki heimild til að biðja um staðfestingu aflavottorðs; eða

(b) þeim hefur borist svar þar sem fram kemur að afurðirnar samrýmist ekki verndunar- og stjórnunaráðstöfunum, eða að önnur skilyrði í þessum kafla séu ekki uppfyllt; eða

(c) þeim hefur ekki borist svar innan gefins frests; eða

(d) þeim hefur borist svar, sem ekki veitir viðeigandi svör við spurningum sem fram komu í beiðninni.

3. Ef innflutningi fiskafurða er hafnað á grundvelli 1. og 2. mgr. geta aðildarríki gert fiskafurðirnar upptækar og eytt þeim, fargað þeim eða selt þær í samræmi við innlend lög. Hagnaði af slíkri sölu má ráðstafa til góðgerðarmála.

4. Allir skulu eiga rétt á að kæra ákvarðanir lögbærra stjórnvalda skv. 1., 2. og 3. mgr. sem þá varða. Kæru réttur skal nýttur samkvæmt þeim ákvæðum sem gilda í viðkomandi aðildarríki.

5. Lögbær stjórnvöld aðildarríkja skulu tilkynna fánaríkinu og, eftir atvikum, þriðja ríki öðru en fánaríki, sem vísað er til í 14. gr., um höfnun innflutnings. Afrit af tilkynningunni skal send framkvæmdastjórnarinnar.

19. gr.

Gegnumferð og umskipun

1. Þegar fiskafurðir fara í gegnumferðarferli á komustað í bandalaginu og eru fluttar til annars aðildarríkis, þar sem þær fara í aðra tollmeðferð, skal ákvæðum 17. og 18. gr. fylgt í því aðildarríki.

2. Þegar fiskafurðir fara í gegnumferðarferli á komustað í bandalaginu og eru fluttar til annars staðar í sama aðildarríki, þar sem þær fara í aðra tollmeðferð, er því aðildarríki heimilt að fylgja ákvæðum 16., 17. og 18. gr. á komustaðnum eða á ákvörðunarstað. Aðildarríki skulu, svo fljótt sem auðið er, tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar eru til þess að innleiða ákvæði þessarar málsgreinar og uppfæra þær upplýsingar. Framkvæmdastjórnin skal birta slíkar tilkynningar á vefsíðu sinni.

3. Þegar fiskafurðum er umskipað á komustað á yfirráðasvæði bandalagsins og þær fluttar sjóleiðis til annars aðildarríkis skal ákvæðum 17. og 18. gr. fylgt í því aðildarríki.

4. Aðildarríki þar sem umskipun fer fram skulu senda til aðildarríkja þar sem ákvörðunarstaðurinn er upplýsingar sem fengnar eru úr flutningsskjölum um eðli fiskafurðanna, þyngd þeirra, lestunarhöfn og flutningsaðila í þriðja ríki, heiti flutningsskipa og umskipunarhafnir og ákvörðunarstað, svo fljótt sem auðið er eftir að upplýsingar þessar liggja fyrir og fyrir áætlaðan komutíma til ákvörðunarhafnar.

20. gr.

Tilkynningar fánaríkja og samstarf við þriðju ríki

1. Samþykki aflavottorða, sem staðfest eru af tilteknu fánaríki vegna ákvæða þessarar reglugerðar, skal háð því skilyrði að framkvæmdastjórnin hafi mótttekið frá viðkomandi fánaríki tilkynningu þar sem staðfest er að:

(a) það hafi í gildi landsbundið kerfi til þess að innleiða, hafa eftirlit með og framfylgja lögum, reglugerðum og reglum um verndunar- og stjórnunarráðstafanir, sem fiskiskip þess verða að fylgja;

(b) opinber stjórnvöld þess hafi vald til þess að votta um sannleiksgildi upplýsinga í aflavottorðum og annast sannprófun á slíkum vottorðum að beiðni aðildarríkja. Í tilkynningunni skulu einnig vera nauðsynlegar upplýsingar um það hvaða stjórnvöld sé um að ræða.

2. Upplýsingarnar, sem skulu veittar í tilkynningunni skv. 1. mgr., eru tilgreindar í III. viðauka.

3. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa fánaríkið um móttöku tilkynningarinnar sem send er skv. 1. mgr. Ef fánaríkið upplýsir ekki um öll þau atriði sem nefnd eru í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin benda fánaríkinu á þau atriði sem skortir og óska eftir nýrri tilkynningu.

4. Þar sem við á skal framkvæmdastjórnin eiga stjórnisýslusamstarf við þriðju ríki varðandi framkvæmd ákvæða reglugerðar þessarar um aflavottorð, þ.m.t. um notkun rafrænna leiða til þess að stofna, staðfesta eða senda aflavottorðin og, eftir atvikum, þau skjöl sem vísað er til í 1. og 2. mgr. 14. gr.

Samstarfið skal miða að því að:

(a) tryggja að fiskafurðir, sem fluttar eru inn til bandalagsins, eigi uppruna sinn í afla sem er samræmist gildandi lögum, reglugerðum og verndunar- og stjórnunarráðstöfunum.

(b) auðvelda fánaríkjum að koma á þeim formsatriðum sem tengjast aðgangi fiskiskipa að höfnum, innflutningi fiskafurða og sannprófunarkröfum í tengslum við aflavottorð sem kveðið er á um í II. kafla og þessum kafla.

(c) kveða á um vettvangsúttektir af hálfu framkvæmdastjórnarinnar, eða stjórnvalds sem hún tilnefni til þess að sannprófa virka framkvæmd samstarfsins.

(d) kveða á um uppsetningu kerfis til upplýsingaskipta milli beggja aðila til stuðnings við virka framkvæmd samstarfsins.

5. Samstarfið, sem lýst er í 4. mgr., ber ekki að skilja sem forsendu fyrir beitingu ákvæða þessa kafla við innflutning afla fiskiskipa sem sigla undir fána hvaða ríkis sem er.

21. gr.

Endurútlutningur



1. Endurútlutningur afurða, sem fluttar hafa verið inn á aflavottorði í samræmi við þennan kafla, skal heimilaður með vottun lögbærra stjórnvalda aðildarríkisins þaðan sem ætlunin er að endurútlutningurinn eigi sér stað undir liðnum "endurútlutningur" í aflavottorðinu eða á afriti þess þegar fiskafurðirnar, sem eru til endurútlutnings, eru hluti af hinum innfluttu fiskafurðum.

2. Ferlið, sem lýst er í 2. mgr. 16. gr., skal gilda að breyttu breytanda þegar fiskafurðir eru endurútluttar af viðurkenndum rekstraraðila.

3. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau stjórnvöld sín sem til þess eru bær að staðfesta og sannprófa þann hluta aflavottorða sem snýr að "endurútlutningi" skv. þeirri aðferð sem skilgreind er í 15. gr.

22. gr.

Skráahald og miðlun

1. Framkvæmdastjórnin skal halda skrá um ríki og lögbær stjórnvöld þeirra, sem tilkynnt hafa verið í samræmi við þennan kafla, og skal eftirfarandi m.a. koma þar fram:

(a) aðildarríki, sem hafa tilkynnt um þau lögbæru stjórnvöld sín sem staðfesta, gáta og sannprófa aflavottorð og endurútlutningsvottorð skv. 15., 16., 17. og 21. gr., eftir atvikum;

(b) fánaríki sem tilkynnt hefur verið um skv. 1. mgr. 20. gr., þar sem getið er um þau ríki sem tekið hafa upp samstarf við þriðju ríki skv. 4. mgr. 20. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta á vefsíðu sinni og í stjórnartíðindum Evrópusambandsins listann yfir ríki og lögbær stjórnvöld þeirra, sem vísað er til í 1. mgr., og skal uppfæra þessar upplýsingar reglulega. Framkvæmdastjórnin skal gera upplýsingar um þau lögbæru stjórnvöld fánaríkjanna, sem annast staðfestingu og sannprófun aflavottorða, aðgengilegar á rafrænan hátt fyrir þau stjórnvöld aðildarríkja sem ábyrgð bera á staðfestingu og sannprófun aflavottorða.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta á vefsíðu sinni og í stjórnartíðindum Evrópusambandsins listann yfir þau aflaskráningarkerfi sem viðurkennd eru skv. 13. mgr., og skal uppfæra þessar upplýsingar reglulega.

4. Aðildarríki skulu varðveita frumrit aflavottorða, sem framvísað er vegna innflutnings, aflavottorða sem vottuð eru vegna útflutnings og vottaðra endurútlutningshluta aflavottorða í þrjú ár eða lengur, eftir þeim reglum sem í landinu gilda.

5. Viðurkenndir rekstraraðilar skulu varðveita frumrit skjala, sem vísað er til í 4. mgr., í þrjú ár eða lengur, eftir þeim reglum sem í landinu gilda.

#### **IV. KAFLI**

##### **VIÐVÖRUNARKERFI BANDALAGSINS**

23. gr.

Útgáfa viðvörunar

1. Þegar upplýsingar hafa borist samkvæmt II., III., V., VI., VII., VIII., X. eða XI. kafla, sem vekja rökstuddar efasemdir um hvort fiskiskip og fiskafurðir frá tilteknum þriðju ríkjum samræmist gildandi lögum eða reglugerðum, þ.m.t. gildandi lögum eða reglugerðum, sem tilkynnt hefur verið um af hálfu þriðju ríkja innan samstarfsrammans, sem vísað er til í 4. mgr. 20. gr., eða alþjóðlegum verndunar- og stjórnunarráðstöfunum, skal framkvæmdastjórnin birta viðvörun á vefsíðu sinni og í stjórnartíðindum Evrópusambandsins til að vara útgerðir við og tryggja að aðildarríkin geri viðeigandi ráðstafanir hvað varðar þau þriðju ríki, sem um ræðir samkvæmt þessum kafla.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma þeim upplýsingum, sem um er rætt í 1. mgr., tafarlaust á framfæri við yfirvöld aðildarríkjanna og við fánaríkið, og, eftir atvikum, við þriðja ríkið sé það annað en fánaríkið, sbr. 14. gr.

24. gr.

Aðgerðir eftir útgáfu viðvörunar

1. Að móttæknum upplýsingum, sem komið er á framfæri samkvæmt 2. mgr. 23. gr., skulu aðildarríkin, þar sem við á, og á grundvelli áhættustjórnunar:

(a) auðkenna þær fiskafurðasendingar, sem ætlaðar eru til innflutnings og viðvörunin nær til, og láta fara fram sannprófun á aflavottorðinu og, eftir atvikum, þeim aflaskjöllum sem vísað er til í 14. gr., skv. ákvæðum 17. gr.;

(b) gera ráðstafanir til þess að tryggja að síðari fiskafurðasendingar til innflutnings, sem falla undir viðvörunina, verði látnar sæta sannprófun á aflavottorði og, eftir atvikum, aflaskjöllum sem vísað er til í 14. gr., skv. ákvæðum 17. gr.;

(c) auðkenna fyrri fiskafurðasendingar, sem falla undir viðvörunina, og láta fara fram viðeigandi sannprófanir, þ.m.t. sannprófanir á fyrri aflavottorðum;

(d) láta fiskiskip, sem viðvörunin nær til, sæta nauðsynlegum athugunum, rannsóknum og skoðunum, í samræmi við reglur alþjóðalaga, á hafi úti, í höfnum og öðrum löndunarstöðum skipa.

2. Aðildarríki skulu svo fljótt sem auðið er tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar niðurstöður sannprófana sinna og beiðna um sannprófun og aðgerðir sem gripið var til þegar staðfest hefur verið brot á gildandi lögum, reglugerðum eða alþjóðlegum verndunar- og stjórnunarráðstöfunum.

3. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að í ljósi niðurstaðna sannprófana skv. 1. mgr. sé hinn rökstuddi grunur, sem leiddi til viðvörunarinnar, ekki lengur fyrir hendi, þá skal hún án tafar:

(a) birta tilkynningu þess efnis á vefsíðu sinni og í stjórnartíðindum Evrópusambandsins og ógilda fyrri viðvörun;

(b) upplýsa fánaríkið og, eftir atvikum, þriðja ríkið sem ekki er fánaríkið, sbr. 14.gr., um ógildinguna; og

(c) upplýsa aðildarríkin eftir viðeigandi boðleiðum.

4. Ef framkvæmdastjórnin ákveður, að í ljósi niðurstaðna sannprófana skv. 1. mgr. sé hinn rökstuddi grunur, sem leiddi til viðvörunarinnar, áfram fyrir hendi, þá skal hún án tafar:

(a) uppfæra viðvörunina með nýrri birtingu á vefsíðu sinni og í stjórnartíðindum Evrópusambandsins;

(b) upplýsa fánaríkið og, eftir atvikum, þriðja ríkið sem ekki er fánaríkið, sbr. 14.gr.;

(c) upplýsa aðildarríki eftir viðeigandi boðleiðum; og

(d) eftir atvikum, vísa málinu til þeirrar svæðisbundnu fiskveiðistjórnunarstofnunar, sem verndunar- og stjórnunarráðstafanir heyra undir og kann að hafa verið brotið gegn.

5. Ef framkvæmdastjórnin ákveður, að í ljósi niðurstaðna sannprófana skv. 1. mgr. sé næg ástæða til að ætla að framkomnar staðreyndir kunni að benda til þess að ekki hafi verið farið að gildandi lögum, reglugerðum eða alþjóðlegum verndunar- og stjórnunarráðstöfunum, skal hún án tafar:

(a) birta nýja viðvörun þess efnis á vefsíðu sinni og í stjórnartíðindum Evrópusambandsins;

(b) upplýsa fánaríkið og grípa til viðeigandi aðgerða og diplómátskra ráðstafana í samræmi við V. og VI. kafla;

(c) eftir atvikum, upplýsa þriðja ríkið sem ekki er fánaríkið, sbr. 14.gr.;

(d) upplýsa aðildarríki eftir viðeigandi boðleiðum; og

(e) eftir atvikum, vísa málinu til þeirrar svæðisbundnu fiskveiðistjórnunarstofnunar, sem hefur gefið út þær reglur um verndunar- og stjórnunarráðstafanir, sem kann að hafa verið brotið gegn.

## V. KAFLI

### AUÐKENNING FISKISKIPA SEM STUNDA IUU-VEIÐAR

25. gr.

Meintar IUU-veiðar

1. Framkvæmdastjórnin, eða stofnun sem hún tilnefnir, skal taka saman og greina:

(a) allar upplýsingar um IUU-veiðar sem fengnar eru skv. II., III., IV., VIII., X. og XI. kafla; og/eða

(b) allar aðrar viðeigandi upplýsingar, eftir atvikum, svo sem:

(i) aflatölur;

(ii) viðskiptaupplýsingar, sem fengnar eru úr landshagtölum og öðrum áreiðanlegum heimildum;

(iii) skipaskrár og gagnagrunna;

(iv) aflaskjöl eða tölfraeðiskýrslur svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana;

(v) skýrslur um aðkomur eða um annað athæfi fiskiskipa, sem eru grunuð um IUU-veiðar, sbr. 3. gr., og skrár um fiskiskip sem stunda IUU-veiðar sem svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir hafa tilkynnt um eða tekið saman;

(vi) skýrslur skv. reglugerð (EBE) nr. 2847/93 um fiskiskip sem grunuð eru um IUU-veiðar, sbr. 3.gr.;

(vii) hvers kyns aðrar upplýsingar sem fengist hafa, m.a. í höfnum og á fiskimiðum.

2. Aðildarríki geta hvenær sem er sent framkvæmdastjórninni allar viðbótarupplýsingar sem gætu skipt máli við samantekt bandalagsins á lista yfir skip sem stunda IUU-veiðar. Framkvæmdastjórnin, eða stofnun sem hún vísar til, skal dreifa upplýsingunum með öllum sönnunargögnum, sem látin hafa verið í té, til aðildarríkjanna og til þeirra fánaríkja sem málið varðar.

3. Framkvæmdastjórnin, eða stofnun sem hún tilnefnir, skal halda skrá yfir sérhvert skip sem tilkynnt er að IUU-veiðum og skal skráin uppfærð eftir því sem nýjar upplýsingar berast.

26. gr.

Meintar IUU-veiðar

1. Framkvæmdastjórnin skal auðkenna fiskiskip þegar nægra upplýsinga hefur verið aflað skv. 25.gr. til þess að ætla megí að fiskiskipin kunni að stunda IUU-veiðar er gefi ástæðu til opinberrar rannsóknar af hálfu viðkomandi fánaríkis.

2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna fánaríki þeirra fiskiskipa, sem hafa verið auðkennd samkvæmt 1. mgr., um formlega beiðni um rannsókn vegna meintra IUU-veiða viðkomandi skipa sem sigla undir fána þeirra. Tilkynningin skal hafa að geyma:

(a) allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin hefur safnað um meintar IUU-veiðar;

(b) opinbera beiðni til fánaríkisins um að það geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að meintar IUU-veiðar verði rannsakaðar og að niðurstöður rannsóknarinnar verði kynntar framkvæmdastjórninni innan hæfilegs tíma;

(c) opinbera beiðni til fánaríkisins um að grípa þegar til fullnustuaðgerða komi í ljós að grunur gagnvart fiskiskipinu hafi verið á rökum reistur og upplýsa framkvæmdastjórnina um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til;

(d) beiðni til fánaríkisins um að tilkynna eiganda skipsins og, eftir atvikum, útgerðarfélagi þess um nákvæmar ástæður fyrir fyrirhugaðri skráningu og um afleiðingar sem af hljóttast verði fiskiskipið sett á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar, sbr. 37.gr. Fánaríki skulu einnig beðin um að veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um eigendur fiskiskipsins og, eftir atvikum, útgerðaraðila þannig að unnt sé að gefa þeim kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 2.mgr. 27. gr.

(e) ábendingu til fánaríkisins um ákvæði VI. og VII.kafla.

3. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjum, sem eru fánaríki fiskiskipa sem hafa verið auðkennd skv. 1.mgr., um opinbera rannsóknarbeiðni vegna meintra IUU-veiða viðkomandi skipa, sem sigla undir fána þeirra. Tilkynningin skal hafa að geyma:

(a) allar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin hefur safnað um hinar meintu IUU-veiðar;

(b) opinbera beiðni til aðildarríkisins, sem er fánaríkið, um að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða skv. reglugerð (EBE) nr. 2847/93 til að rannsaka hinar meintu IUU-veiðar eða, eftir atvikum, gera grein fyrir ráðstöfunum sem þegar hafa verið gerðar til að rannsaka málið og kynna framkvæmdastjórninni niðurstöður rannsóknarinnar innan hæfilegs tíma.

(c) opinbera beiðni til aðildarríkisins sem er fánaríkið um að grípa til tímanlegra fullnustuaðgerða komi í ljós að grunur varðandi fiskiskipið hafi verið á rökum reistur og upplýsa framkvæmdastjórnina um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til;

(d) beiðni til aðildarríkisins sem er fánaríkið um að tilkynna eiganda skipsins og, eftir atvikum, útgerðarfélagi þess um nákvæmar ástæður fyrir fyrirhugaðri skráningu og um afleiðingar sem af hljótast verði skipið sett á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar, sbr. 37.gr. Aðildarríki sem eru fánaríki skulu einnig beðin um að veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um eigendur fiskiskipsins og, eftir atvikum, útgerðaraðila þannig að unnt sé að gefa þeim kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 2. mgr. 27. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal dreifa upplýsingum um þau fiskiskip, sem grunuð eru um IUU-veiðar, til allra aðildarríkja til þess að greiða fyrir framkvæmd reglugerðar(EBE) nr. 2847/93.

27. gr.

Samantekt lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar

1. Í samræmi við þá aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr. skal framkvæmdastjórnin stofna til lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar. Á listann skal skrá þau fiskiskip sem eftir þeim ráðstöfunum sem gripið er til skv. 25.gr. og 26.gr. og samkvæmt upplýsingum sem fengist hafa samkvæmt þessari reglugerð teljast stunda IUU-veiðar og viðkomandi fánaríki hafa ekki orðið við þeim opinberu beiðnum sem lýst er í b- og c-lið 2. mgr. 26. gr. og b- og c-lið 3.mgr. 26. gr. um viðbrögð við slíkum IUU-veiðum.

2. Áður en fiskiskip er sett á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar skal framkvæmdastjórnin gera eigendum fiskiskipsins og, eftir atvikum, útgerð þess, nákvæma grein fyrir ástæðum fyrirhugaðar skráningar á listann og öllum þeim atvikum sem styðja grun um að fiskiskipið hafi stundað IUU-veiðar. Í greinargerðinni skal tekin fram réttur til þess að óska eftir frekari upplýsingum eða veita frekari upplýsingar, og skal eigandanum og, eftir atvikum, útgerðaraðilanum gefinn kostur á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og halda uppi vörnum, og veittur til þess hæfilegur tími og aðstaða.

3. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um að setja fiskiskip á lista bandalagsins yfir fiskiskip sem stunda IUU-veiðar, skal framkvæmdastjórnin tilkynna ákvörðunina og ástæðurnar fyrir henni til eiganda og, eftir atvikum, útgerðar fiskiskipsins.

4. Skyldurnar, sem lagðar eru á framkvæmdastjórnina í 2. og 3. mgr. skulu gilda með fyrirvara um frumábyrgð fánaríkis á fiskiskipinu, og aðeins að því marki sem sem viðeigandi upplýsingar um auðkenningu eigandans og útgerðarinnar eru framkvæmdastjórninni tiltækar.

5. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna fánaríkinu um að fiskiskipið hafi verið skráð á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar og láta fánaríkinu í té nákvæmar ástæður fyrir skráningunni.

6. Framkvæmdastjórnin skal óska eftir því hjá fánaríkjum, sem eiga fiskiskip á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar, að þau:

(a) tilkynni eiganda fiskiskipsins um að það hafi verið sett á lista bandalagsins yfir fiskiskip sem stunda IUU-veiðar og geri þeim grein fyrir ástæðum þess og afleiðingum, sbr. 37. gr., og

(b) geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppræta IUU-veiðar, þ.m.t. að afturkalla skráningu eða veiðileyfi viðkomandi fiskiskipa, og upplýsa framkvæmdastjórnina um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

7. Þessi grein skal ekki gilda um fiskiskip bandalagsins ef aðildarríkið sem er fánaríki hefur gripið til aðgerða skv. 8. mgr.

8. Fiskiskip bandalagsins skulu ekki sett á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar hafi aðildarríki, sem er fánaríkið, gripið til aðgerða samkvæmt þessari reglugerð og reglugerð (EBE) nr. 2847/93 gegn brotum sem teljast alvarleg, sbr. 2. mgr. 3. gr., með fyrirvara um aðgerðir sem gripið hefur verið til af hálfu svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnanna.

28. gr.

Útstrikun fiskiskipa af lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar

1. Framkvæmdastjórnin skal taka fiskiskip af lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr., sýni fánaríki fiskiskipsins fram á að:

(a) fiskiskipið hafi ekki tekið þátt í neinum þeim IUU-veiðum sem voru ástæða þess að það var sett á listann, eða

(b) gripið hafi verið til hæfilegra, letjandi og virkra refsiaðgerða vegna þeirra IUU-veiða sem um ræðir, sér í lagi vegna fiskiskipa sem sigla undir fána aðildarríkis í samræmi við reglugerð (EBE) No 2847/93.

2. Eiganda og, eftir atvikum, útgerð fiskiskips, sem var sett á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar, er heimilt að senda beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á stöðu skipsins vegna athafnaleysis fánaríkisins samkvæmt 1. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal aðeins taka til greina að strika fiskiskipið út af listanum ef:

(a) eigandinn eða útgerðin leggur fram gögn um að fiskiskipið taki ekki lengur þátt í IUU-veiðum; eða

(b) hið skráða fiskiskip er sokkið eða hefur verið úrelt.

3. Í öllum öðrum tilvikum skal framkvæmdastjórnin aðeins taka til greina að strika fiskiskipið út af listanum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

(a) að minnst tvö ár séu liðin frá skráningu fiskiskipsins á listann án þess að frekari tilkynningar hafi borist um meintar IUU-veiðar fiskiskipsins til framkvæmdastjórnarinnar, sbr. 25. gr; eða

(b) eigandinn leggi fram upplýsingar varðandi núverandi útgerð fiskiskipsins sem sýna að skipið sé gert út í fullu samræmi við lög, reglugerðir og verndunar- og stjórnunarráðstafanir sem gilda um þær fiskveiðar sem það stundar; eða

(c) fiskiskipið sem um ræðir, eigandi þess eða útgerð, hafi engin rekstrarleg eða fjárhagsleg tengsl, bein eða óbein, við nokkurt annað skip, eiganda eða útgerð, sem stundar meintar eða staðfestar IUU-veiðar.

29. gr.

Innihald, útbreiðsla og viðhald lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar

1. Listi bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um hvert fiskiskip:

(a) nafn og fyrri nöfn, ef einhver eru;

(b) fána og fyrri fána, ef einhverjir eru;

(c) eiganda og eftir atvikum fyrri eigendur, þ.m.t. raunverulega eigendur, ef einhverjir eru;

- (d) útgerð og eftir atvikum fyrri útgerðir, ef einhverjar eru;
- (e) kallmerki og fyrri kallmerki, ef einhver eru;
- (f) Lloyds/IMO númer, ef vitað er um það;
- (g) ljósmyndir, ef til eru;
- (h) dagsetningu fyrstu skráningar á listann;
- (i) yfirlit yfir athæfi sem réttlætir skráningu skipsins á listann, ásamt vísunum í öll skjöl sem upplýsa og vitna um athæfið.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta listann yfir skip sem stunda IUU-veiðar í stjórnartíðindum Evrópusambandsins og skal gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja útbreiðslu hans, þ.m.t. með birtingu á vefsetri sínu.

3. Framkvæmdastjórnin skal á þriggja mánaða fresti uppfæra lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar og koma upp kerfi sem sjálfvirkt upplýsir aðildarríki, svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir og almenna borgara sem þess óska, um uppfærslur sem gerðar eru á listanum. Ennfremur skal framkvæmdastjórnin senda listann til FAO og til svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana til þess að bæta samstarf bandalagsins og þessara stofnana sem miðar að því að fyrirbyggja, hindra og uppræta IUU-veiðar.

30. gr.

Listar svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana yfir skip sem stunda IUU-veiðar

1. Til viðbótar þeim fiskiskipum sem vísað er til í 27. gr. skulu fiskiskip, sem eru á lista svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana yfir skip sem stunda IUU-veiðar, einnig tekin upp á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr. Útstríkun slíkra skipa af lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar skal ráðast af ákvörðunum sem teknar eru í málefnum þeirra af svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum

2. Framkvæmdastjórnin skal ár hvert, eftir móttöku lista yfir skip sem stunda meintar eða staðfestar IUU-veiðar frá svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum, tilkynna um þá til aðildarríkjanna.

3. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna til aðildarríkjanna um sérhverja viðbót, útstríkun og/eða breytingar á listunum, sem vísað er til í 2. mgr., í hvert skipti sem slíkar breytingar eru gerðar. 37. gr. skal eiga við um skip sem eru á listum svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana um IUU-veiðar sem þannig er breytt frá þeim tíma sem tilkynnt er um þá til aðildarríkjanna.

## VI. KAFLI

### ÞRIÐJU RÍKI UTAN SAMSTARFS

31. gr.

Auðkenning þriðju ríkja utan samstarfs

1. Framkvæmdastjórnin skal, samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr., auðkenna þriðju ríki sem hún telur til ríkja sem standa utan samstarfs í baráttunni við IUU-veiðar.

2. Auðkenningin skv. 1. mgr. skal byggja á úttekt á öllum upplýsingum, sem fengist hafa skv. II., III., IV., V., VIII., X. og XI. kafla, eða, eftir atvikum, öðrum viðeigandi upplýsingum, svo sem aflagögnum, viðskiptaupplýsingum, sem fengnar eru úr landshagstölum og öðrum traustum upplýsingaveitum, skipaskrá og gagnagrunnum, aflaskjölum eða tölfraðilegum skýrslukerfum og listum yfir skip sem stunda IUU-veiðar frá svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum, sem og öllum öðrum upplýsingum sem fengnar eru í höfnum og á fiskimiðum.

3. Þriðja ríki má auðkenna sem þriðja ríki utan samstarfs ef það vanrækir skyldur sínar samkvæmt alþjóðalögum sem fána-, hafnar-, strand-, eða markaðsríki til þess að gera ráðstafanir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta IUU-veiðar.

4. Að því er varðar 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin fyrst og fremst byggja á athugun á ráðstöfunum sem viðkomandi þriðja ríki hefur gert varðandi:

(a) endurteknar IUU-veiðar, skjalfestar með fullnægjandi hætti, sem stundaðar eru eða studdar af fiskiskipum sem sigla undir fána þess, eða af borgurum þess, eða af fiskiskipum sem starfrækt eru á hafsvæðum ríkisins eða nota hafnir þess; eða

(b) aðgengi fiskafurða, sem eiga uppruna sinn í IUU-veiðum, að markaði þess.

5. Að því er varðar 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin taka mið af eftirfarandi:

(a) hvort þriðja ríkið, sem um ræðir, á í virku samstarfi við bandalagið með því að svara beiðnum frá framkvæmdastjórninni um að rannsaka, veita upplýsingar eða fylgja eftir málum sem varða IUU-veiðar og tengda starfsemi;

(b) hvort þriðja ríkið, sem um ræðir, hefur gripið til virkra ráðstafana til að framfylgja reglum gagnvart útgerðum sem eru ábyrgar fyrir IUU-veiðum, og einkum og sér í lagi hvort nægilega ströngum viðurlögum hafi verið komið á til þess að svipta brotlega þeim hag sem þeir hafa af IUU-veiðum;

(c) sögu, eðli, aðstæðum, umfangi og alvarleika tilvika um IUU-veiðar;

(d) í tilviki þróunarríkja, hæfni lögbærra stjórnvalda þeirra.

6. Að því er varðar 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin einnig taka mið af eftirfarandi:

(a) fullgildingu, eða aðild af hálfu umræddra þriðju ríkja að alþjóðlegum samningum um fiskveiði, einkum hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um fiskstofna og fylgnisamningi FAO;

(b) stöðu umrædds þriðja ríkis sem samningsaðila svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana eða samþykki þess að beita þeim verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem þær hafa tekið upp;

(c) athafnir eða athafnaleysi viðkomandi þriðja ríkis, sem kynni að hafa dregið úr skilvirkni gildandi laga, reglugerða eða alþjóðlegra verndunar- og stjórnunarráðstafana.

7. Þar sem við á skal taka viðeigandi mið af sérstökum erfiðleikum þróunarríkja, einkum að því er varðar vöktun, stjórnun og eftirlit með fiskveiðum við framfylgd reglugerðar þessarar.

32. gr.

Diplómatiskar ráðstafanir gagnvart þriðju ríkjum utan samstarfs

1. Framkvæmdastjórnin skal án tafar tilkynna viðkomandi ríkjum um þann möguleika að þau kunni að verða auðkennd sem þriðju ríki utan samstarfs í samræmi við þau viðmið sem lýst er í 31. gr. Í tilkynninguna skal hún m.a. setja eftirfarandi upplýsingar:

(a) ástæðu eða ástæður fyrir auðkenningunni með öllum sönnunargögnum sem fyrir liggja;

(b) þann kost að svara framkvæmdastjórninni skriflega varðandi ákvörðunina um auðkenningu og aðrar upplýsingar sem málið varða, svo sem sönnunargögn sem hrekja auðkenninguna eða, eftir atvikum, aðgerðaáætlun til úrbóta og ráðstafanir sem gerðar eru til lagfæringar á ástandinu;

(c) réttinn til að óska eftir frekari upplýsingum eða láta þær í té;

(d) afleiðingar þess að vera auðkennt sem þriðja ríki utan samstarfs, sbr. 38.gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal ennfremur setja í tilkynninguna, sem vísað er til í 1. mgr., beiðni um að viðkomandi þriðja ríki geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva IUU-veiðar sem um ræðir og koma í veg fyrir síðara athæfi af því tagi og bæta úr athæfi eða athafnaleysi sem getið er í c-lið 6. mgr. 31. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eftir fleiri en einni boðleið, senda tilkynningu sína og beiðni til viðkomandi þriðja ríkis. Framkvæmdastjórnin skal leita eftir staðfestingu frá landinu um það hafi mótttekið tilkynninguna.

4. Framkvæmdastjórnin skal veita viðkomandi þriðja ríki hæfilegan tíma til þess að svara tilkynningunni og sanngjarnan tíma til þess að gera úrbætur á ástandinu.

33. gr.

Samantekt lista yfir þriðju ríki utan samstarfs

1. Að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni skal ráðið taka ákvörðun með auknum meirihluta um samantekt lista fyrir þriðju ríki utan samstarfs.

2. Framkvæmdastjórnin skal án tafar upplýsa viðkomandi þriðja ríki um að það hafi verið auðkennt sem þriðja ríki utan samstarfs og um þær ráðstafanir sem gripið hafi verið til skv. 38. gr. og skal fara þess á leit að það lagfæri ástandið og gefi til kynna hvaða ráðstafanir það hafi gripið til í því skyni að fiskiskip þess fari að reglum um verndunar- og stjórnunarráðstafanir.

3. Að tekinni ákvörðun skv. 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin án tafar tilkynna aðildarríkjum um ákvörðunina og fara þess á leit að þau ráðist þegar í stað þær aðgerðir sem kveðið er á um í 38. gr. Aðildarríki skulu gera framkvæmdastjórninni viðvart um þær ráðstafanir sem þau hafa gripið til sem svar við þeirri málaleitan.

34. gr.

Útstrikun af lista yfir þriðju ríki utan samstarfs

1. Að fenginni tillögu frá framkvæmdastjórninni skal ráðið taka ákvörðun með auknum meirihluta um að taka þriðja ríki af lista yfir þriðju ríki utan samstarfs ef umrætt þriðja ríki sýnir fram á að bætt hafi verið úr því ástandi sem gaf tilefni til skráningar þess á listann. Ákvörðun um útstrikun skal taka mið af því hvort auðkennt þriðja ríki hafi gert raunverulegar ráðstafanir sem geta verið til þess fallnar að ná fram viðvarandi úrbótum á ástandinu.

2. Í framhaldi af ákvörðun sem tekin er skv. 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin án tafar tilkynna aðildarríkjum um afléttingu aðgerða skv. 38. gr. gagnvart því þriðja ríki sem um ræðir.

35. gr.

Útbreiðsla listans yfir þriðju ríki utan samstarfs

Framkvæmdastjórnin skal birta listann yfir þriðju ríki utan samstarfs í stjórnartíðindum Evrópusambandsins og gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að tryggja kynningu hans, þ.m.t. með birting á vefsetri sínu. Framkvæmdastjórnin skal reglulega uppfæra listann og koma upp kerfi sem sjálfvirkt upplýsir aðildarríki, svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir og almenna borgara sem þess óska, um uppfærslur sem gerðar eru á listanum. Ennfremur skal framkvæmdastjórnin senda listann yfir ríki utan samstarfs til FAO og svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana í því skyni að bæta samstarf bandalagsins og þessara stofnana, sem miðar að því að koma í veg fyrir, hindra og uppræta IUU-veiðar.

36. gr.

Neyðarráðastafanir

1. Liggi fyrir gögn um að ráðstafanir þriðja ríkis grafi undan verndunar- og stjórnunarráðstöfunum, sem samþykktar hafa verið af svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum, skal framkvæmdastjórninni heimilt að grípa til neyðarráðstafana í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sínar, sem þó skulu ekki standa yfir lengur en sex mánuði. Framkvæmdastjórnin getur tekið nýja ákvörðun um að framlengja neyðarráðstafanir í sex mánuði að hámarki.

2. Neyðarráðastafanirnar, sem vísað er til í 1. mgr., geta m.a. falist í því að:

(a) fiskiskipum, sem hafa veiðileyfi og sigla undir fána viðkomandi þriðja ríkis, verði ekki heimilaður aðgangur að höfnum aðildarríkjanna nema við óviðráðanlegar aðstæður eða í neyð, sbr. 2. mgr. 42. gr. vegna þjónustu sem bráðnauðsynleg er til þess að ráða bót á þeim aðstæðum;



(b) fiskiskipum, sem sigla undir fána aðildarríkis, verði ekki heimilt að stunda sameiginlegar fiskveiðar með skipum sem sigla undir fána viðkomandi þriðja ríkis;

(c) fiskiskip sem sigla undir fána aðildarríkis verði ekki heimilt að veiða á hafsvæði undir lögsögu viðkomandi þriðja ríkis, með fyrirvara um ákvæði í tvíhliða fiskveiðasamningum;

(d) útvegum lifandi fisks til fiskiræktar á hafsvæðum undir lögsögu viðkomandi þriðja ríkis verði ekki heimiluð;

(e) ekki verði tekið á móti lifandi fiski veiddum af fiskiskipum, sem sigla undir fána viðkomandi þriðja ríkis, til fiskiræktar á hafsvæði undir lögsögu aðildarríkis.

3. Neyðarráðstafanir skulu þegar taka gildi. Þær skulu tilkynntar til aðildarríkjanna og viðkomandi þriðja ríkis og birtar í stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

4. Viðkomandi aðildarríki geta vísað ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. til ráðsins innan 10 virkra daga frá móttöku tilkynningarinnar.

5. Ráðið getur með auknum meirihluta tekið aðra ákvörðun innan eins mánaðar frá dagsetningu málskotsins.

## VII. KAFLI

### AÐGERÐIR VEGNA FISKISKIPA OG RÍKJA SEM TAKA ÞÁTT Í IUU-VEIÐUM

37. gr.

Aðgerðir gagnvart fiskiskipum sem eru á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar

Eftirfarandi aðgerðir skulu eiga við um fiskiskip sem eru á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar:

1. aðildarríki sem eru fánaríki skulu ekki senda neinar beiðnir til framkvæmdastjórnarinnar um veiðiheimildir fyrir fiskiskip sem stunda IUU-veiðar;

2. gildandi veiðiheimildir eða sérstök veiðileyfi, sem gefin eru út af aðildarríkjum sem eru fánaríki vegna fiskiskipa sem stunda IUU-veiðar skulu aftirkölluð;

3. fiskiskipum á IUU-veiðum, sem sigla undir fána þriðja ríkis, skal ekki heimilt að veiða á hafsvæðum bandalagsins og leiga á þeim skal bönnuð;

4. fiskiskip sem sigla undir fána aðildarríkis skulu ekki á neinn hátt aðstoða, stunda fiskvinnslu eða taka þátt í neinni umskipun eða sameiginlegum veiðum með fiskiskipum á IUU-veiðum;

5. fiskiskip á IUU-veiðum sem sigla undir fána aðildarríkis skulu aðeins fá aðgang að heimahöfnum sínum og ekki að neinni annarri bandalagshöfn, nema í tilviki óviðráðanlegra atvika (*force majeure*) eða í neyð. Fiskiskip á IUU-veiðum sem sigla undir fána þriðja ríkis skulu ekki fá aðgang að höfn aðildarríkis, nema í tilviki óviðráðanlegra atvika (*force majeure*) eða í neyð. Að öðrum kosti getur aðildarríki veitt fiskiskipi á IUU-veiðum aðgang að höfnum sínum með því skilyrði að afli um borð og, eftir atvikum, veiðarfæri sem bönnuð eru skv. verndunar- og stjórnunarráðstöfunum sem samþykkt hafa verið af svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum, verði gerð upptæk. Aðildarríki skulu einnig gera afla upptækan og, eftir atvikum, bönnuð veiðarfæri skv. sömu ráðstöfunum um borð í fiskiskipum á IUU-veiðum sem hefur verið heimilaður aðgangur að höfnum þeirra í tilviki óviðráðanlegra atvika (*force majeure*) eða í neyð;

6. fiskiskip á IUU-veiðum sem sigla undir fána þriðja ríkis skulu ekki fá vistir, eldsneyti eða aðra þjónustu í höfn nema í tilviki óviðráðanlegra atvika (*force majeure*) eða í neyð;

7. fiskiskip á IUU-veiðum sem sigla undir fána þriðja ríkis skulu ekki fá heimild til áhafnaskipta, nema nauðsynlegt sé í tilviki óviðráðanlegra atvika (*force majeure*) eða í neyð;

8. aðildarríki skulu neita fiskiskipum á IUU-veiðum um heimild til að sigla undir fána sínum;

9. innflutningur fiskafurða úr afla fiskiskipa á IUU-veiðum skal bannaður og samkvæmt því skulu aflavottorð sem fylgja slíkum afurðum hvorki samþykkt né staðfest;

10. útflutningur og endurútflutningur fiskafurða úr fiskiskipum á IUU-veiðum til vinnslu skal bannaður;

11. fiskiskipum á IUU-veiðum, sem hafa hvorki afla né áhöfn um borð, skal heimilt að koma til hafnar til úreldingar, en þó með fyrirvara um hugsanlega málsókn eða refsiaðgerðir gagnvart því skipi og einstaklingum eða lögpersónum sem í hlut eiga.

38. gr.

Ráðstafanir gagnvart þriðju ríkjum utan samstarfs

Eftirtaldar aðgerðir skulu eiga við gagnvart þriðju ríkjum utan samstarfs:

1. innflutningur fiskafurða til bandalagsins úr afla fiskiskipa sem sigla undir fána slíkra landa skal bannaður og samkvæmt því skulu aflavottorð sem fylgja slíkum afurðum ekki samþykkt. Í því tilviki að auðkenning ríkis sem ríkis utan samstarfs skv. 31. gr. réttlætist af skorti á viðeigandi ráðstöfunum af hálfu viðkomandi þriðja ríkis gegn IUU-veiðum úr tilteknum stofni eða af tiltekinni tegund, kann innflutningsbann aðeins að gilda um viðkomandi stofn eða tegund;

2. kaup útgerða í bandalaginu á skipi sem sigla undir fána slíkra landa skal bannaður;

3. útflöggun fiskiskips sem siglir undir fána aðildarríkis til slíkra landa skal bannaður;

4. aðildarríki skulu ekki heimila gerð leigusamninga við slík lönd um fiskiskip sem sigla undir fána þeirra;

5. útflutningur fiskiskipa bandalagsins til slíkra landa skal bannaður;

6. einkaviðskiptasamningar milli borgara aðildarríkis og slíkra landa, sem gerðir eru í þeim tilgangi að fiskiskip undir fána aðildarríkisins geti nýtt sér veiðimöguleika slíkra landa, skulu bannaðir;

7. sameiginlegar veiðar fiskiskipa sem sigla undir fána aðildarríkis og fiskiskipa sem sigla undir fána slíkra landa skulu bannaðar;

8. framkvæmdastjórnin skal beita sér fyrir uppsögn allra gildandi tvíhliða samninga um fiskveiðar eða samninga um fiskveiðisamstarf við slík lönd, sem kveða á um uppsögn samningsins við vanefnd að uppfylla skuldbindingar aðila varðandi baráttuna við IUU-veiðar;

9. framkvæmdastjórnin skal ekki taka þátt í samningaviðræðum um gagnkvæma fiskveiðisamninga eða fiskveiðisamstarf við slík lönd.

## VIII. KAFLI

ÞEGNAR

39. gr.

Þegnar sem styðja eða taka þátt í IUU-veiðum

1. Þegnar sem heyra undir lögsögu aðildarríkja (hér eftir "þegnar") skulu hvorki styðja né taka þátt í IUU-veiðum, þ.m.t. með skráningu í áhöfn eða sem útgerðarmenn eða raunverulegir eigendur fiskiskipa sem stunda IUU-veiðar.

2. Með fyrirvara um frumskyldur fánaríkis, skulu aðildarríki vinna saman og með þriðju löndum og gera allar viðeigandi ráðstafanir samkvæmt landslögum og lögum bandalagsins, til þess að bera kennsl á þegna sem styðja eða taka þátt í IUU-veiðum.

3. Með fyrirvara um frumskyldur fánaríkis, skulu aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir, með fyrirvara um og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir þeirra, að því er varðar þegna sem eru staðnir að því að styðja eða taka þátt í IUU-veiðum.

4. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar heiti þeirra lögbæru stjórnvalda sinna sem bera ábyrgð á söfnun og sannprófun upplýsinga um athafnir þegna, sem vísað er til í þessum kafla, og á tilkynningum og samstarfi við framkvæmdastjórnina.

40. gr.

Forvarnir og viðurlög

1. Aðildarríki skulu hvetja þegna sína til þess að upplýsa um hvers kyns vitneskju sem varðar lagalega, raunverulega eða fjárhagslega hagsmuni í, eða yfirráð yfir, fiskiskipum sem sigla undir fána þriðja ríkis, sem þeir ráða yfir og nöfn þeirra skipa sem um ræðir.

2. Þegnar skulu ekki selja eða flytja út fiskiskip til útgerða sem taka þátt í rekstri, stjórnun eða eignaraðild að fiskiskipum sem eru á lista bandalagsins yfir fiskiskip sem stunda IUU-veiðar.

3. Með fyrirvara um aðrar ráðstafanir, sem fyrir er mælt í lögum bandalagsins um opinbera sjóði, skulu aðildarríki ekki veita neina opinbera aðstoð undir formerkjum landsbundinna aðstoðarkerfa eða sjóða bandalagsins til útgerða sem taka þátt í rekstri, stjórnun eða eignarhaldi á fiskiskipum sem eru á lista bandalagsins yfir skip sem stunda IUU-veiðar.

4. Aðildarríki skulu leitast við að afla upplýsinga um tilvist hvers kyns samkomulags milli þegna sinna og þriðja ríkis sem heimilar útflokkun fiskiskipa sem sigla undir fána þeirra til slíks þriðja ríkis. Þau skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um slíkt með því að skila inn lista yfir þau fiskiskip sem um ræðir.

## **IX. KAFLI**

### **TAFARLAUSAR FULLNUSTUAÐGERÐIR, VIÐURLÖG OG AUKAVIÐURLÖG**

41. gr.

Gildissvið

Þessi kafli skal gilda um:

1. alvarleg brot sem framin eru innan yfirráðasvæðis bandalagsins, sem stofnsáttmáli Evrópubandalagsins gildir um, eða á hafsvæðum sem heyra undir fullveldi eða lögsögu aðildarríkjanna, að undanskildum hafsvæðum sem liggja að yfirráðasvæðum og löndum sem nefnd er í II. viðauka við sáttmálann;

2. alvarleg brot sem framin eru af fiskiskipum bandalagsins eða þegnum aðildarríkja;

3. alvarleg brot sem upp kemst um innan yfirráðasvæðis eða hafsvæða sem vísað er til í 1. lið þessarar greinar en sem hafa verið framin á höfum úti eða innan lögsögu þriðja ríkis og sæta viðurlögum skv. 4. mgr. 11.gr.

42. gr.

Alvarleg brot

1. Í reglugerð þessi merkir alvarlegt brot:

(a) athæfi sem telst IUU-veiðar í samræmi við þau viðmið sem lýst er í 3.gr.;

(b) viðskipti, sem tengjast með beinum hætti IUU-veiðum, þ.m.t. viðskipti með fiskafurðir eða innflutningur þeirra;

(c) fölsun skjala sem vísað er til í þessari reglugerð eða notkun slíkra falsaðra skjala eða ógildra skjala.

2. Alvarleiki brots skal ákveðinn af lögbæru stjórnvaldi aðildarríkis með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 3.gr.

43. gr.

Beinar fullnustuaðgerðir

1. Ef einstaklingur er grunaður um að hafa framið alvarlegt brot eða er staðinn að verki við alvarlegt brot, eða ef löggjafar er grunuð um ábyrgð á slíku broti, skulu aðildarríki hefja fulla rannsókn á brotinu og, í samræmi við landslög sín og eftir alvarleika brotsins, grípa til beinna fullnustuaðgerða, sem m.a. og sér í lagi geta falist í eftirfarandi:

- (a) tafarlausri stöðvun fiskveiða;
- (b) fyrirmælum um að fiskiskipinu verið snúið til hafnar;
- (c) fyrirmælum um að flutningsfari verði snúið til annars staðar til skoðunar;
- (d) fyrirmælum um setningu tryggingar;
- (e) haldlagningu veiðarfæra, afla og fiskafurða;
- (f) tímabundinni kyrrsetningu fiskiskipsins eða flutningafarsins sem um ræðir;
- (g) tímabundinni sviptingu heimildar til þess að stunda fiskveiðar.

2. Fullnustuaðgerðir skulu vera með þeim hætti að þær komi í veg fyrir framhald hins alvarlega brots sem um ræðir og gefi lögbæru stjórnvaldi færi á að ljúka rannsókn sinni.

44. gr.

Viðurlög við alvarlegum brotum

1. Aðildarríki skulu tryggja að einstaklingi, sem hefur gerst brotlegur, eða lögaðila, sem er látinn sæta ábyrgð á alvarlegu broti, verði refsað með skilvirkum, hæfilegum og fælandi stjórnsluviðurlögum.

2. Aðildarríkin skulu leggja á hámarksviðurlög sem svara að lágmarki til fimmfalds andvirðis þeirra fiskafurða sem aflað var með hinu alvarlega broti.

Þegar um er að ræða ítrekuð alvarleg brot innan fimm ára tímabils skulu aðildarríkin leggja á hámarksviðurlög sem svara að lágmarki til áttfalds verðmætis þeirra fiskafurða sem aflað var með hinu alvarlega broti.

Við beitingu þessara viðurlaga skulu aðildarríkin einnig taka mið af virði áhrifanna á fiskveiðiauðlindina og sjávarumhverfið sem um ræðir.

3. Aðildarríki geta einnig, eða í staðinn, beitt virkum, hæfilegum og fælandi refsiviðurlögum skv. hegningarlögum.

45. gr.

Aukaviðurlög

Viðurlögum samkvæmt þessum kafla geta fylgt aukaviðurlög eða aðgerðir, einkum og sér í lagi:

- 1. haldlagning fiskiskips sem notað er við brotið;
- 2. tímabundin kyrrsetning fiskiskipsins;
- 3. upptaka ólöglega veiðarfæra, afla og fiskafurða;
- 4. tímabundin svipting eða afturköllun heimildar til að stunda fiskveiðar;
- 5. skerðing eða afturköllun fiskveiðiréttinda;
- 6. tímabundin eða varanleg útilokun frá réttindum til þess að öðlast ný fiskveiðiréttindi;
- 7. tímabundið eða varanlegt bann við aðgangi að opinberum stuðningi eða styrkjum;
- 8. tímabundin svipting eða afturköllun stöðu viðurkennds rekstraraðila sem veitt hefur verið skv. 3. mgr. 16.gr.

46. gr.

Heildarstig viðurlaga og aukaviðurlaga

Heildarstig viðurlaga og aukaviðurlaga skal reiknað þannig að tryggt sé að þau svipti í reynd hina brotlegu þeim fjárhagslega ávinningi sem hlaust af alvarlegum brotum þeirra án þess að þau skerði lögmæt atvinnuréttindi þeirra. Í því sambandi skal jafnframt tekið mið af hinum beinu fullnustuaðgerðum sem gripið var til skv. 43. gr.

47. gr.

Ábyrgð lögpersóna

1. Lögpersónur skulu látnar sæta ábyrgð fyrir alvarleg brot þegar slík brot hafa verið framin í þeirra þágu af einstaklingi, sem starfar annað hvort með sjálfstæðum hætti eða sem hluti af stofnun innan lögpersónunnar, og hefur ákvörðunarvald innan lögpersónunnar, sem byggist á:

(a) umboði til þess að koma fram fyrir hönd viðkomandi lögaðila; eða

(b) heimildum til þess að taka ákvarðanir fyrir hönd lögpersónunnar; eða

(c) heimildum til þess að fara með yfirráð innan lögpersónunnar.

2. Lögpersónur skulu látnar sæta ábyrgð ef skortur á umsjón eða eftirliti af hálfu einstaklings skv. 1. mgr. hefur veitt möguleika á alvarlegu broti til hagsbóta fyrir lögaðilann af hálfu einstaklings sem starfar undir hans stjórn.

3. Ábyrgð lögpersóna skal ekki koma í veg fyrir málsókn á hendur einstaklingum sem eru fremjendur, hvatamenn eða vitorðsmenn að þeim brotum sem um ræðir.

## X. KAFLI

### **INNLEIÐING ÁKVÆÐA SEM TILTEKNAR SVÆÐISBUNDINNA FISKVEIÐISTJÓRNUNARSTOFNANA HAFNA TEKIÐ UPP VARÐANDI AÐKOMUR AÐ FISKISKIPUM**

48. gr.

Aðkomur á sjó

1. Ákvæði þessa kafla skulu gilda um fiskveiðar sem heyra undir reglur um aðkomur á sjó, sem teknar hafa verið upp innan svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og eru bindandi fyrir bandalagið.

2. Ef lögbært stjórnvald aðildarríkis, sem ber ábyrgð á skoðunum á sjó, kemur að fiskiskipi sem er að meintum IUU-veiðum, skal það þegar í stað gefa út skýrslu um aðkomuna. Skýrslan og niðurstöður rannsókna aðildarríkisins á fiskiskipinu skulu teljast sönnunargögn til notkunar við framkvæmd auðkenningar- og fullnustuaðgerða sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

3. Ef skipstjóri fiskiskips bandalagsins eða þriðja lands kemur að fiskiskipi sem er að stunda athæfi sem lýst er í 2. mgr. er skipstjóranum heimilt skjalfesta eins miklar upplýsingar og mögulegt er um aðkomuna, til dæmis:

(a) nafn og lýsingu fiskiskipsins;

(b) kallmerki fiskiskipsins;

(c) skráningarnúmer og, þar sem við á, Lloyds/IMO númer fiskiskipsins;

(d) fánaríki fiskiskipsins;

(e) staðarákvörðun (breiddar- og lengdarbaug) þegar fyrst eru borin kennsl á það;

(f) UTC dagsetningu/tíma við fyrstu auðkenningu;

(g) ljósmynd eða ljósmyndir af fiskiskipinu til stuðnings aðkomunni;

(h) aðrar viðeigandi upplýsingar um athæfið sem til sást af hálfu fiskiskipsins sem um ræðir;

4. Tilkynningar um aðkomur skulu sendar án tafar til lögbærs stjórnvalds aðildarríkisins, sem er fánaríki fiskiskipsins sem komið var að, sem skal senda þær eins fljótt og unnt er til framkvæmdastjórnarinnar eða þeirrar stofnunar sem hún hefur tilnefnt. Framkvæmdastjórnin eða sú stofnun sem hún tilnefnir skal þegar í stað upplýsa fánaríki fiskiskipsins, sem komið var að. Framkvæmdastjórnin eða stofnun sem hún hefur tilnefnt skal því næst senda tilkynninguna um aðkomu til allra aðildarríkjanna og, eftir atvikum, til framkvæmdastjóra þeirrar svæðisbundnu fiskveiðistjórnunarstofnunar sem málið heyrir undir til frekari aðgerða í samræmi við þær ráðstafanir sem sú stofnun hefur samþykkt.

5. Aðildarríki, sem berst tilkynning um aðkomu þar sem tilkynnt er um athæfi fiskiskips sem siglir undir fána þess frá lögbæru yfirvaldi, sem er samningsaðili um svæðisbundna fiskveiðistjórnunarstofnun, skal upplýsa framkvæmdastjórnina, eða þá stofnun sem hún hefur tilnefnt, um tilkynninguna og allar viðeigandi upplýsingar svo fljótt sem auðið er, og skal sú stofnun þá koma upplýsingum þessum á framfæri við framkvæmdastjóra þeirrar svæðisbundnu fiskveiðistjórnunarstofnunar sem í hlut á til frekari aðgerða samkvæmt reglum stofnunarinnar, eftir atvikum.

6. Þessi grein skal gilda með fyrirvara um strangari aðgerðir er svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir kunna að hafa tekið upp, sem bandalagið er samningsaðili að.

49. gr.

Upplýsingagjöf vegna fiskiskipa sem komið er að

1. Aðildarríki, sem taka við tilhlýðilega skjalfestum upplýsingum um fiskiskip sem komið er að, skulu senda upplýsingarnar án tafar til framkvæmdastjórnarinnar, eða stofnunar sem hún tilnefnir á því formi sem ákveðið er samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr.

2. Framkvæmdastjórnin, eða sú stofnun sem hún tilnefnir, skal einnig fara yfir tilhlýðilega skjalfestar upplýsingar um fiskiskip sem komið er að, sem sendar eru af borgurum, samtökum almennra borgara, þ.m.t. umhverfisverndarsamtökum, svo og fulltrúum hagsmunaaðila á sviði útgerðar eða viðskipta með fisk.

50. gr.

Rannsókn á fiskiskipum sem komið er að

1. Aðildarríki skulu svo fljótt sem auðið er hefja rannsókn á athæfi fiskiskipa sem sigla undir fána þeirra, sem komið hefur verið að skv. 49. gr.

2. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina eða þá stofnun sem hún tilnefnir, með rafrænum hætti ef því verður við komið, um atriði sem varða upphaf rannsóknarinnar og um aðgerðir sem gripið hefur verið til eða ráðgerðar eru vegna fiskiskipa sem sigla undir fána þeirra og komið er að, eins fljótt og unnt er og í öllu falli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um skýrsluna um augsýn skv. 4. mgr. 48.gr. Skýrslur um gang rannsókna á fiskiskipinu sem komið var að skulu sendar framkvæmdastjórninni eða stofnun sem hún tilnefnir með reglulegu og hæfilegu millibili. Lokaskýrsla um niðurstöðuna skal send framkvæmdastjórninni eða þeirri stofnun sem hún tilnefnir þegar rannsóknum er lokið.

3. Aðildarríki önnur en það fánaríki sem í hlut á skulu, þegar við á, kanna hvort fiskiskipin sem komið var að hafi stundað athæfi á hafsvæðum í lögsögu þeirra, eða hvort fiskafurðum frá þessum skipum hafi verið landað eða þær fluttar inn á yfirráðasvæði þeirra, og skulu þau rannsaka sögu þeirra um hlýðni við gildandi verndunar- og stjórnunarráðstafanir. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina án tafar, eða þá stofnun sem hún tilnefnir, svo og viðkomandi aðildarríki sem er fánaríki, um niðurstöður athugana sinna og rannsókna.

4. Framkvæmdastjórnin, eða sú stofnun sem hún tilnefnir, skal senda upplýsingar, sem berast í samræmi við 2. og 3. mgr., til allra aðildarríkjanna.

5. Þessi grein skal gilda með fyrirvara um ákvæði í V. kafla reglugerðar (EB) nr. 2371/2002 og ákvæði sem svæðisbundnar fiskveiðistjórnunarstofnanir, sem bandalagið er samningsaðili að, hafa tekið upp.

## **XI. KAFLI**

### **GAGNKVÆM AÐSTOÐ**

51. gr.

Gagnkvæm aðstoð

1. Stjórnvöld, sem ábyrgð bera á framkvæmd reglugerðar þessarar í aðildarríkjunum, skulu eiga samstarf sín á milli, við stjórnvöld í þriðju ríkjum og við framkvæmdastjórnina til þess að tryggja að reglugerð þessari verði fylgt.

2. Í því skyni að ná fram tilgangi 1. mgr. skal komið á fót kerfi til gagnkvæmrar aðstoðar, sem m.a. skal fela í sér sjálfvirkt upplýsingakerfi, "upplýsingakerfi um IUU-veiðar", sem skal vera í umsjá framkvæmdastjórnarinnar eða stofnunar sem hún tilnefnir, til þess að aðstoða lögbær stjórnvöld við hindrun, rannsókn og saksókn vegna IUU-veiða.

3. Nákvæmar reglur um gildi þessa kafla skulu teknar upp samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr.

## **XII KAFLI**

### **LOKAÁKVÆÐI**

52. gr.

Innleiðing

Ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að innleiða ákvæði reglugerðar þessarar skulu teknar upp samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 54. gr.

53. gr.

Fjárhagslegur stuðningur

Aðildarríkjum er heimilt að krefjast þess að viðkomandi rekstraraðilar taki þátt í kostnaði við framkvæmd reglugerðar þessarar.

54. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar þeirrar sem skipuð var skv. 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 2371/2002.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda.

Tímamörkin, sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr. í ákvörðun 1999/468/EC, skulu vera einn mánuður.

55. gr.

Krafa um skýrslugerð

1. Annað hvert ár skulu aðildarríkin senda skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um árangur af framkvæmd reglugerðar þessarar, eigi síðar en 30. apríl næsta almanaksárs á eftir.

2. Á grundvelli skýrslna, sem aðildarríkin skila inn, og einnig samkvæmt eigin athugunum, skal framkvæmdastjórnin taka saman skýrslu á þriggja ára fresti og skila inn til Evrópuþingsins og til ráðsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á áhrif reglugerðar þessarar um IUU-veiðar eigi síðar en 29. október 2013.

56. gr.

Niðurfellingar

Með reglugerð þessari falla úr gildi frá 1 janúar 2010 b-liður 2. mgr. 28. gr., e-g liðir 28. gr. og a-liður 2. mgr. 31. gr. í reglugerð (EBE) nr. 2847/93, reglugerð (EB) nr. 1093/94, reglugerð (EB) nr. 1447/1999, 8.gr., a-liður 19.gr., b-liður 19. gr., c-liður 19. gr., 21. gr., b-liður 21. gr., c-liður 21. gr. í reglugerð (EB) nr. 1936/2001 og a-liður 26. gr., 28. gr., 29. gr., 30 gr., og 31. gr. í reglugerð (EB) nr. 601/2004.

Tilvitnanir í niðurfelldar reglugerðir skulu túlkast sem tilvitnanir í reglugerð þessa.

57. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi tekur gildi á útgáfudegi hennar í stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún skal gilda frá 1. janúar 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. september 2008.

Fyrir hönd ráðsins

M. Barnier, forseti

Neðanmálgreinar:

[1] Álit afhent 23. maí 2008 (ekki enn birt í hinum opinberu stjórnartíðindum Evrópusambandsins).

[2] Álit afhent 29. maí 2008 (ekki enn birt í hinum opinberu stjórnartíðindum Evrópusambandsins). Álit afhent eftir viðræður með frjálsri þátttöku.

[3] Stjtið EB L 358, 31.12.02, bls. 59

[4] Stjtið EB L 261, 20.10.93, bls. 1

[5] Stjtið EB L 184, 17.07.99, bls. 23

[6] Stjtið EB L 8, 12.01.01, bls. 1

[7] Reglugerð Ráðsins (EC) No 1093/94 frá 6 maí 1994, sem setur skilyrði fyrir því að fiskiskip þriðju ríkja megi landa beint og markaðssetja afla sinn í höfnum bandalagsins (Stjtið EB L 121, 12.5.1994, p. 3).

[8] Reglugerð Ráðsins (EB) nr. 1447/1999 frá 24. júní 1999, sem skrásetur hegðunarferli sem fara alvarlega í bága við hina sameiginlega fiskveiðistefnu bandalagsins (Stjtið EB L 167, 2.7.1999, p. 5).

[9] Reglugerð Ráðsins (EB) nr. 1936/2001 frá 27. september 2001, sem setur reglur um stjórn fiskveiða úr sérstökum flökkustofnum (Stjtið EB L 263, 3.10.2001, p. 1).

[10] Reglugerð Ráðsins (EB) nr. 601/2004 frá 22. mars 2004, sem setur ákveðnar reglur um fiskveiðistjórnun á svæðum sem falla undir Ráðstefnu um verndun sjávarlífríkis Suðurskautslandsins (Stjtið EB L 97, 1.4.2004, p. 16).

[11] Stjtið EB L 256, 07.09.87, bls. 1